



Fjölbreytt menning - friðsæl borg

Starfsáætlun 2015



Reykjavíkurborg
Menningar- og ferðamálasvið

Starfsáætlun Menningar- og ferðamálasviðs 2015

Forsíðumynd: Ragnar Th. Sigurðsson.

Ábyrgðarmaður: Svanhildur Konráðsdóttir

Ritstjórn: Signý Pálsdóttir

ISSN 2298-4895


Útgefið 21. febrúar 2015.

EFNISYFIRLIT

Menningar- og ferðamálasvið	2
Skipurit og menningar- og ferðamálaráð	2
Hlutverk menningar- og ferðamálasviðs	3
Fjölbreytt menning – friðsæl borg	4
Helstu verkefni og áherslur sviðsins 2015	4
Ferðaþjónusta	8
Fjármál, rekstur og mannauðsmál	10
Fjárhagsáætlun 2015	12
Stefnukort	14
Skorkort	16
Reykjavík bókmenntaborg UNESCO	18
Helstu verkefni 2015	19
Viðburðadagatal	19
Stofnanir sviðsins	20
Borgarbókasafn Reykjavíkur	20
Helstu verkefni 2015	23
Viðburðadagatal	25
Lykiltölur	26
Borgarsögusafn Reykjavíkur	28
Helstu verkefni 2015	31
Viðburðadagatal	33
Lykiltölur	34
Höfuðborgarstofa.....	36
Helstu verkefni 2015	39
Viðburðadagatal	41
Lykiltölur	41
Listasafn Reykjavíkur	42
Helstu verkefni 2015	45
Viðburðadagatal	46
Lykiltölur	47
Árið 2014. Helstu verkefni	48
Menningar- og ferðamálasvið	49
Bókmenntaborg UNESCO	51
Borgarbókasafn Reykjavíkur	51
Borgarsögusafn Reykjavíkur	52
Höfuðborgarstofa	53
Listasafn Reykjavíkur	54
Ljósmyndasafn Reykjavíkur	56
Menningarmiðstöðin Gerðuberg	56
Minjasafn Reykjavíkur	57
Viðey	58

MENNINGAR- OG FERÐAMÁLASVIÐ

SKIPURIT



MENNINGAR- OG FERÐAMÁLARÁÐ

Kjörnir:

Elsa Hrafnhildur Yeoman, formaður - Æ
Þórgnýr Thoroddsen - Þ
Dóra Magnúsdóttir - S
Stefán Benediktsson - S
Júlíus Vífill Ingvarsson -D
Marta Guðjónsdóttir -D
Ingvar Mar Jónsson - B
Áheyrnarfulltrúi Vinstri grænna á fundum ráðsins:
Elín Oddný Sigurðardóttir - V

Til vara:

Kristján Freyr Halldórsson - Æ
Þuríður Björg Þorgrímsdóttir - Þ
Margrét Norðdahl - S
Svala Arnardóttir - S
Börkur Gunnarsson -D
Herdís Anna Þorvaldsdóttir-D
Magnús Arnar Sigurðsson -B
Þorgerður Agla Magnúsdóttir

Áheyrnarfulltrúar Bandalags íslenskra listamanna:

Kolbrún Halldórsdóttir
Jóna Hlíf Halldórsdóttir
Fulltrúa Samtaka ferðaþjónustunnar:
Þórir Garðarsson

Gunnar Guðbjörnsson
Jakob Frímann Magnússon
Ólafur Torfason

S: Samfylkingin. D: Sjálfstæðisflokkurinn. Æ: Björt framtíð. B: Framsókn og flugvallarvinir
V: Vinstrihreyfingin grænt framboð. Þ: Píratar.



Hlutverk Menningar- og ferðamálasviðs

Hlutverk sviðsins er að fara með framkvæmd menningar- og ferðamála hjá Reykjavíkurborg. Það hefur yfirumsjón með starfsemi Borgarbókasafns Reykjavíkur, Listasafns Reykjavíkur, Borgarsögusafns Reykjavíkur og Höfuðborgarstofu. Umsjón Reykjavíkur - Bókmenntaborgar UNESCO og þverfaglegs starfs um barnamenningu er vistuð á skrifstofu sviðsins.

Stofnanirnar starfa samkvæmt samþykktum Reykjavíkurborgar og lögum og reglugerðum á hverju sviði. Sviðið hefur jafnframt umsjón með málefnum Leikfélags Reykjavíkur í Borgarleikhúsi, Tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu, Listahátíðar í Reykjavík og Sinfóníuhljómsveitar Íslands fyrir hönd Reykjavíkurborgar. Menningar- og ferðamálasvið sér um samninga, styrki og samskipti við lista- og menningarlífið og er borgaryfirvöldum til faglegrar ráðgjafar í þeim málaflokkum sem undir sviðið heyrar.

Menningarstefna

Menning er mannréttindi

er yfirskrift nýrrar menningarstefnu Reykjavíkurborgar. Aðgerðaráætlun sem er fylgiskjal stefnunnar verður uppfærð árlega í samræmi við samþykta stefnumörkun og fjárhagsáætlun borgarinnar, en stefnan sjálf gildir frá árinu 2014-2020.

Leiðarljós menningarstefnu

„Reykjavík gegnir menningarlegu forystuhlutverki. Sjálfsmynd borgarinnar byggir á skapandi hugsun, frumkvæði og menningararfi í samspili við alþjóðlegar stefnur og strauma. Menningarlífið einkennist af metnaði, fjölbreytni, samvinnu og virkri þátttöku íbúa og gesta.“

Hin 18 markmið stefnunnar tengjast málaflokkum undir kaflaheitunum:

- ◆ **Auðlind**
- ◆ **Börn og menningaruppeldi**
- ◆ **Menningarstofnanir Reykjavíkurborgar**
- ◆ **Listir**
- ◆ **Aðgengi og þátttaka**
- ◆ **Umhverfi og saga**
- ◆ **Alþjóðleg menningarborg**
- ◆ **Menning í stafrænum miðlum**
- ◆ **Þáttur menningar í stjórnkerfi Reykjavíkurborgar**

Ferðamálastefna

Styrkar stoðir

er yfirsögn ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar 2011-2020. Stoðirnar eru:

- ◆ **Menningarborg**
- ◆ **Heilsuborg**
- ◆ **Ráðstefnuborg**
- ◆ **Vetrarborg**

Þær undirstrika annars vegar styrkleika Reykjavíkur, s.s. á sviði menningar, nábylis við náttúru og tækifæra í heilsutengdri ferðaþjónustu (Menningarborgin og Heilsuborgin), en hins vegar þá þætti sem þarf að efla og styðja með auknum áherslum og kraftmeiri aðgerðum (Ráðstefnuborgin og Vetrarborgin).

Framtíðarsýn ferðamálastefnu

„Reykjavík verði eftirsóttur áfangastaður ferðamanna allt árið um kring og með því verði rennt styrkari stoðum undir fjölbreytt atvinnulíf og menningarstarf í borginni. Markviss uppbygging innviða ferðamannaborgarinnar og samræmt kynningarstarf leiði til þess að Reykjavík eflist til muna sem vettvangur ráðstefna og alþjóðlegra viðburða og verði þekkt og virt sem áhuga-verð menningarborg í nábyli við einstæða náttúru. Heilsuferðaþjónusta verði jafnframt ein af meginstoðunum þar sem nýting hreinnar orku, heita vatnsins og fyrsta flokks aðstaða undirstrikar sérstöðu Reykjavíkur.“

Fjölbreytt menning - friðsæl borg

HELSTU VERKEFNI OG ÁHERSLUR SVIÐSINS 2015

Fjölbreytt menning - friðsæl borg er yfirskrift Menningar- og ferðamálasviðs árið 2015. Með yfirskriftinni vekur sviðið sérstaka athygli á því með hvaða hætti Reykjavíkurborg hlúir að fjölbreyttri menningu og litríku mannlífi og hvernig þessi áhersla skilar sér í betra og friðsælla samfélagi. Þetta er gert á margvíslegan hátt s.s. með aðstöðu til skapandi starfs, með hvatningu og öflugum stuðningi við grasrótina, listalífið og metnaðarfullar menningarstofnanir þannig að hugað sé að öllu í senn: sterkum og faglegum grunni í bland við nýsköpun, ferskleika og tilraunastarfsemi. Verkefni tengd barnamenningu og grasrót munu njóta sérstakrar athygli og stuðnings á árinu. Með starfsemi sinni mun sviðið þannig leggja kapp á að spegla vel þessa fjölbreyttni og ná enn betur til nýrra hópa.

Yfirskrift nýrrar menningarstefnu er **MENNING ER MANNRÉTTINDI** með tilvísun í mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, en þar stendur m.a.:

„Þar sem menning er ein helsta driffjöður þróunar verður að telja menningarlega þætti þróunar jafngilda hinum efnahagslegu sem einstaklingar og þjóðir hafi grundvallarrétt til að taka þátt í og njóta.“

Áherslan á aðgengi allra er því mjög skýr. Hún birtist m.a. í virðingu fyrir fjölmenningu, fjölbreyttari miðlun, í eflingu menningarstofnana og auknum listrænum gæðum í sem flestum hverfum borgarinnar. Gestir okkar upplifa Reykjavík sem friðsæla borg og rímar það afar vel við yfirlýst gildi borgaryfirvalda. Á árinu mun sviðið vinna með nýjar áherslur fyrir ferðamannaborgina þar sem andinn er friðsæld, gestrisni og elskusemi undir yfirskriftinni **REYKJAVÍK LOVES...**

Með þessu er stuðlað að því að Reykjavík sé hlýleg, skemmtileg og litrík borg – jafnt fyrir þá sem hér búa og hina sem sækja okkur heim.

Menningarstefnan „Menning er mannréttindi“

Ný menningarstefna myndar forgangsröðun í verkefnum næsta árs og er forsenda langtímaáætlana. Helsta breyting frá fyrri menningarstefnu er tenging markmiða við aðgerðir í menningarmálum á vegum borgarinnar, en aðgerðaráætlun er fylgiskjal Menningarstefnu Reykjavíkurborgar 2014 - 2020. Gert er ráð fyrir að aðgerðaáætlunin sé uppfærð árlega samhliða gerð starfsáætlunar fyrir komandi ár. Núu köflum menningarstefnunnar ylgja 18 markmið ásamt lýsingu á viðfangsefni hvers kafla. Í aðgerðaráætlun menningarstefnu 2015 eru 118 aðgerðir til að ná markmiðunum þar af eru 42 nýjar og 76 í farvegi. Margar aðgerðanna fóru í

farveg strax á árinu 2014. Undirbúningur áætlanagerðar 2015 hefur að vonum litast af nýju menningarstefnunni.

Nýjar aðgerðir á árinu 2015

Veigamiklar nýjar aðgerðir snúa að rekstri menningarstofnana s.s. samrekstur Borgarbókasafns Reykjavíkur og Menningarmiðstöðvarinnar Gerðubergs með það að markmiði að styrkja framtíð bókasafnanna sem menningarmiðju í hverfum borgarinnar og auka vægi viðburðadagskrár í söfnunum um alla borg árið um kring. Borgarsögusafn, sem tók til starfa árið 2014 mun eflast og þróast á fyrsta heila starfsári sínu.

Unnið verður að undirbúningi þess að efla Grófarhús sem menningarmiðstöð með nýbyggingu á lóðinni Tryggvagötu 13 -15 sem tengd verður Grófarhúsi. Hluti viðbyggingar rúmar starfsemi og þjónustu Borgarbókasafnsins og Ljósmyndasafns, en einnig verður þar miðstöð orðlistar.

Borgarbókasafn og Norðlingaskóli vinna tilrauna- verkefni um samrekstur skóla- og almenningsbókasafns í Norðlingaholti þar sem safnið leggur til starfskraft og safnkost á móti skólanum. Þá er hugað að því að nýtt safn Borgarbókasafns rísi í Úlfarsárdal. Safnið verður hugsað út frá hugmyndinni um bókasafnið sem menningarmiðju og byggt í tengslum við sundlaug og aðra starfsemi.

Áhersla er lögð á margvísleg verkefni menningarstofnana borgarinnar sem ná út fyrir veggi þeirra og á aukna samvinnu menningarstofnana við innlendrar og erlendar stofnanir, samtök, menntastofnanir og atvinnulíf. Menningarkort Reykjavíkur verður áfram þróað og eflt með það að markmiði að fjölga þeim sem nýta sér þjónustu menningarstofnana, bæta nýtingu kortsins og auka veltu og framlegð. Efling safnabúða menningarstofnana er jafnframt meðal sameiginlegra aðgerða á sviðinu.

Í aðgerðum tengdum markmiðum menningarstefnu má nefna mótun stefnu um list í almenningsrými og áherslu á menningarlega sérstöðu einstakra hverfa borgarinnar, m.a. með menningarmerkingum sem kynna listir, bókmenntir og sögu borgarinnar.

Lögð er áhersla á Reykjavík sem alþjóðlega menningarborg með ýmsum aðgerðum og áhersla lögð á samstarf stofnana á menningar- og ferðamálasviði við að kynna og markaðssetja Reykjavík sem menningarborg. Ferðapjónustuaðilar sem kynna Ísland og Reykjavík eru hvattir til að nýta menningarlíf borgarinnar sem aðdráttarafli og þróa ný tilboð sem innihalda menningarviðburði í Reykjavík. Þá er staða Reykjavíkur sem

Bókmenntaborgar UNESCO nýtt til að vekja alþjóðlega athygli á Reykjavík og íslenskum rithöfundum og laða gesti til borgarinnar.

Menning í stafrænum miðlum er eitt af nýmælum menningarstefunnar þar sem sviðið hefur metnað til að nýta upplýsingatækni á markvissan hátt í stafrænni varðveislu og miðlun menningar. Af því leiðir að nýjustu miðlar á sviði upplýsingatækni verða markvisst nýttir við miðlun menningarefnis og áhersla lögð á miðlun lifandi myndefnis og gagnvirkt viðmót í kynningarstarfi menningarstofnana. Borgarbókasafn mun hefja undirbúning á útlánum raðbóka og skrifstofa sviðs að því að sameiginlegri safnabúð menningar- og ferðamálasviðs verði komið á fót á netinu.

Börn og menningaruppeldi

Markmið í menningarstefnu. Menningarstefnan leggur sérstaka áherslu á börn og menningaruppeldi eða eins og segir í markmiðunum:

„Menning og listir eru snar þáttur í uppeldi og kennslu barna og ungmenna í borginni. Leikskólar, grunnskólar og frístundamiðstöðvar eiga góða samvinnu um listuppeldi við listamenn, söfn og menningarmiðstöðvar í borginni. Áhersla er lögð á þátttöku barna, ungmenna og fjölskyldna í menningarlífinu og framlag þeirra til menningar metið að verðleikum“.

Af aðgerðum má nefna að Menningarstofnanir Reykjavíkurborgar vinni sérstaka fræðsluáætlun ætlaða börnum sem hluta starfsáætlunar hvers árs og börn hafi aðstöðu þar sem þau eru hvött til sköpunar í öllum menningarstofnunum Reykjavíkurborgar. Hlúð verði betur að þeim innviðum barnamenningar sem þegar eru til staðar innan menningarstofnana Reykjavíkurborgar.

Á ári hverju eru um 45.000 heimsóknir á skipulagða viðburði fyrir börn í skóla og frístundastarfi og/eða

börn og fjölskyldur á menningarstofnunum borgarinnar og viðburðirnir eru um 140 talsins.

Í aðgerðaráætlun menningarstefnu eru samstarfsaðilar sem njóta hæstu menningarstyrkja Reykjavíkurborgar hvattir til að vinna árlega fræðsluáætlun, með sérstökum ákvæðum í samstarfssamningum. Barnamenningarhátíð er fest í sessi og hugað að jöfnu aðgengi barna að menningu innan allra hverfa borgarinnar. Unglingamenning verði eflað um alla borg með margvíslegum verkefnum í samvinnu sviða borgarinnar og samstarfsaðila.

Biophilia – tónvísindasmíðjur eru samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar, Háskóla Íslands og Bjarkar Guðmundsdóttur. Verkefnið sem hefur farið í grunnskóla Reykjavíkur síðastliðin ár og var valið til að vera eitt af formennskuverkefnum Íslendinga í Norrænu ráðherranefndinni 2014 og árið 2015 taka átta borgir þátt í þróunarvinnu sem byggist á sköpunarkrafti sem menntunar- og rannsóknaraðferð og reynslu Reykjavíkur af verkefnum. Norræna verkefnið hvetur til samstarfs á milli barna, vísindamanna, kennara, listamanna og fleiri hópa og er hugmyndin sú að samþætta menntun, menningu og vísindi í viðleitni til að leysa upp hefðbundnar kennsluáætlunir.

Barnamenningarhátíð verður haldin í fimmta sinn í apríl 2015. Markmið hennar er að efla menningarstarf barna og ungmenna í borginni. Hátíðin fer fram víða um borgina og er byggð upp á fjölbreyttum viðburðum sem börn og fullorðnir í fylgd með börnum geta sótt sér að kostnaðarlausu. Gæði, fjölbreytni, jafnræði og gott aðgengi eru höfð að leiðarljósi við skipulagningu hennar. Hefur hátíðin getið af sér margvísleg samstarfsverkefni sem auðga menningarlíf ungs fólks í borginni og verður framhald af því á næsta ári.



Kynjuð fjárhagsáætlun

Starfshópur um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun (KFS) á Menningar- og ferðamálsviði (MOF) hóf störf vorið 2013. Fyrsta verkefni þessa hóps fólst í að kortleggja þátttöku drengja og stúlkna undir 18 ára aldri í skipulögðum viðburðum menningarstofnana Reykjavíkurborgar og leggja mat á hvort drengir og stúlkur njóti sömu þjónustu. Í framhaldi af því skyldi gera tillögur um hvernig megi jafna þann mun, sem hugsanlega kemur fram, eða viðhalda jafnræði.

Vegna skorts á kyngreindum gögnum var byrjað á að afla gagna og stóð sú vinna frá júní 2013 til maíloka 2014. Fólst hún í því að skrá kyn þátttakenda í skipulögðum viðburðum og einnig var gerð viðhorfskönnun meðal skólabarna í skipulögðum heim sóknunum. Starfshópurinn skilaði skýrslu í ágúst 2014 með þeim helstu niðurstöðum að þátttaka í skipulögðum viðburðum er umtalsvert minni meðal pilta en stúlkna og í viðhorfskönnunum voru piltarnir almennt neikvæðari en stúlkurnar.

Í kjölfarið var skipaður starfshópur á sviðinu til að vinna úr niðurstöðunum og gera tillögur um úrbætur sem settar verða í farveg hjá stofnunum sviðsins. Þegar hafa verið sett af stað verkefni tengd barnamenningu og fræðslu sem ávarpa sérstaklega þann mun sem birtist í úttektinni og fyrir dyrum stendur sérstök þjálfun og fræðsla fyrir þá starfsmenn á menningarstofnunum sem sinna dagskrárgerð, móttöku og fræðslu fyrir börn.

Næsta verkefni KFS-starfshópsins er að kortleggja og safna þeim kyngreindu gögnum sem til eru um samsetningu og viðhorf fullorðinna gesta, sem nýta þjónustu

stofnana sviðsins og er fyrsta skrefið að skilgreina þau gögn sem nauðsynlegt er að afla og bestu leiðir til að útvega þau. Framhaldsverkefni KFS á sviðinu verður svo mótað á grundvelli þeirra niðurstaðna sem könnunin leiðir í ljós.

Styrkveitingar og framlög

Stærstu styrkhafar Menningar- og ferðamálsviðs búa við langtímasamninga, ýmist um rekstur og/eða innri leigu húsnæðis s.s. Leikfélag Reykjavíkur í Borgarleikhúsi, Listahátíð í Reykjavík, Sviðslistamiðstöðin í Tjarnarbíói og Sjónlistamiðstöð á Korpúlfsstöðum. Framlag til Sinfóníuhljómsveitar Íslands er skv. lögum 18% á móti 82% framlagi ríkis. Framlag til endurgreiðslu á stofnkostnaði við Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhús ohf, og tímabundinn rekstrarstyrkur fara í gegnum MOF.

Menningar- og ferðamálaráð hefur sett sér verklagsreglur og áherslur vegna styrkveitinga ársins 2015. Þær byggja m.a. á nýrri menningarstefnu, aðgerðaáætlun í kjölfar hennar og á samstarfssáttmála við myndun meirihluta borgarstjórnar Reykjavíkur 2014-2018. Sérstakar áherslur menningar- og ferðamálaráðs í nýjum styrkveitingum árið 2015 eru:

- Menningarstefna Reykjavíkurborgar.
- Listir fyrir og með börnum.
- Aukinn stuðningur við grasrót í menningarlífinu
- Stuðlað að frumkvæði með því að styðja við bakið á hvers kyns sköpunarstarfi.



- Styrkveitingar til listalífsins í borginni endurspegli breidd, nýmæli og framsækni og að endurnýjun eigi sér stað í hópi styrkþega.
- Unnið áfram með þróun borgarhátíða.
- Aukið aðgengi og þátttaka nýrra hópa í menningunni og að styrkveitingar endurspegli fjölbreytileika menningarlífsins.
- Aukning framlags til langtímasamninga við samstarfsaðila í menningarlífinu til að efla fagmennsku og styrkja rekstrargrundvöll þeirra. Þó beri að gæta að því að jafnvægi haldist í hlutfalli langtímasamninga og árlegra styrkja.

Árið 2015 renna út fyrstu samningarnir sem gerðir voru til þriggja ára undir hatti Borgarhátíðasjóðs, sem ætlað er örva nýsköpun í hátíðahaldi í Reykjavík, en nýir hafa bæst við ár hvert. Nýir styrkir 2015 eru afgreiddir í ársbyrjun skv. almennu umsóknarferli borgarinnar, nema hvað svokallaðir skyndistyrkir verða virkjaðir að nýju. Menningar- og ferðamálaráð mun halda eftir hluta styrkfjár til að geta veitt ófyrirséðum tækifærum farveg eftir faglega meðferð umsókna. Úthlutun þess fjár kemur aðeins til greina vegna tilfallandi verkefna eða viðburða sem ber brátt að og ekki var hægt að sjá fyrir eða skipuleggja í undanfara almennrar styrkjaúthlutunar. Skyndistyrkirnir verða afgreiddir ársfjórðungslega.

Ein aðgerð menningarstefnu var að komið verði á fót sérstökum sjóði til höfundagreiðslu fyrir ljósmyndir frá

Ljósmyndasafni Reykjavíkur til að styðja við þá sem eru að gefa út sérstaklega myndríkar bækur tengdar sögu og menningu í Reykjavík. Hann var auglýstur sérstaklega vegna 2014, en er nú liður í árlegri úthlutun ráðsins auk sérstakrar auglýsingar til úthlutunar að vori.

Erlent samstarf

Menningar- og ferðamálasvið á í margvíslegu erlendu samstarfi. Höfuðborgarstofa greiðir götu erlendra fjölmiðla, kynnir Reykjavík á erlendum mörkuðum og vinnur að markaðssetningu borgarinnar með samstarfsaðilum innan lands og utan, auk aðildar að alþjóðlegum samtökum ferðamála og viðburðahalds. Stjórnendur menningarstofnana og sviðsins sitja í alþjóðlegum samtökum hver á sínu sviði. Nokkuð er um náms- og kynnisferðir starfsmanna til útlanda og tekið er á móti erlendum gestum í sama skyni. Höfuðborgir Norðurlanda eiga gott samstarf í menningarmálum og hittast embættismenn annað hvort ár og menningarmálanefndirnar hitt árið á sameiginlegri ráðstefnu ár um það sem helst brennur á þeim. Árangur alþjóðlegs samstarfs verður svo sýnilegur með nýjungum í starfi, alþjóðlegum samstarfsverkefnum, sýningum, ráðstefnum og viðburðum ýmist hér á landi eða erlendis. Skoðað verður hvort og þá hvernig Reykjavíkurborg tekur þátt í fyrirhugaðri menningarkynningu í Basel á listahátíðinni CULTURESCAPES – Sviss sem haldin verður í október og nóvember 2015 og er helguð Íslandi.



FERÐAÞJÓNUSTA

Jákvætt viðhorf og mikil aukning ferðamanna

Reynsla fólks af því að heimsækja Reykjavík yfir vetrarmánuðina frá janúar til apríl 2014 var afar góð; 93% sögðu hana vera frábæra eða góða. Fólk á eigin vegum var heldur ánægðara en gestir í skipulagðri hópferð. Í því kunna að felast tækifæri sem vert er að veita athygli, enda fjöldi ferðamanna sem heimsækir Ísland á eigin vegum mikill. Það er eftir miklu að sækjast að byggja Reykjavík upp sem vetraráfangastað. Aukin nýting á þeirri þjónustu sem í boði er í borginni er fallin til að draga úr árstíðarsveiflum í ferðaþjónustu og auka fagmennsku í greininni.

Árið 2014 voru um 20 flugfélög með áætlunarflug til Íslands. Flogið var frá mörgum helstu borgum Evrópu og Norður-Ameríku á tiltölulega lágum fargjöldum. Samsetning ferðamanna sem heimsækja borgina hefur í kjölfar þessa breyst töluvert. Mikið er af ungu ævintýrafólki sem greinilega hefur áhuga á að upplifa land og þjóð í gegnum útivist og hreyfingu ásamt viðburðum og skemmtanahaldi. Þar er Reykjavík með forskot sem áfangastaður með nálægð við náttúruna, sundlaugar og fjölbreytta afþreyingu.

Sýnileiki Reykjavíkur sem ferðamannaborgar

Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu standa sameiginlega að markaðsáttakinu „Reykjavik Loves“. Það mun eiga sinn þátt í að kynna Reykjavík sem áfangastað og mikilvægt að virkja átakið í þágu stólpanna fjögurra sem ferðamálastefna borgarinnar byggist á. Í því sambandi er vert að hafa í huga að allir ferðamenn leita að upplifun sem er ekta (e. authentic). Reykjavík hefur alla burði til að mæta þessum væntingum og kannski er óvíða jafn auðvelt bjóða ferðamönnum ekta upplifun.

Eitt besta dæmið eru sundlaugarnar á höfuðborgarsvæðinu. Aðgengi og kostnaður við að stunda böð í náttúrulega heitu vatni er með því besta sem gerist í heiminum. Eins er hægt að komast í snertingu við náttúruna bæði í borgarlandinu og í nágrenni þess (dæmi: Elliðaá og Elliðaárdalur, Heiðmörk, Bláfjöll, Esja). Ekki má heldur gleyma öllum þeim fjölbreyttu menningar- og listviðburðum sem finna má í borginni á hverjum tíma. Fjöldi tónleikahalds og listasýninga á sér fáar hliðstæður í samfélagi sem er ekki stærra. Allur þessi fjölbreytileiki hefur áhrif á upplifun ferðamannsins. Ungi, ævintýragjarni ferðamaðurinn er vel upplýstur og gerir kröfur um upplifun sem nærir bæði líkama og sál.

Til marks um þetta má vitna í könnun sem gerð var sl. vetur. Þátttakendur í Dear Visitors könnuninni frá janúar til apríl 2014 voru eins og áður beðnir um að gefa afþreyingunni sem þeir stunduðu í Reykjavík einkunn á bilinu 1-10. List- eða menningarviðburðir og heilsuræktarmöguleikar fengu þá hæstu (8,9) en síðan dagsferð frá Reykjavík (8,8), sund/heilsuþöð (8,4), veitingahúsin (8,3) og ferð um Reykjavík (8,2). Því næst næturlífið og söfn/sýningar (8,1) en verslanir þá lökustu (7,1). Sjá skýringarmyndir á bls. 9.

Dreifing ferðamanna um höfuðborgarsvæðið

Á síðustu árum hefur orðið hröð þróun í uppbyggingu innviða á höfuðborgarsvæðinu. Aukið framboð er á gistirými og fjölbreyttari þjónustu við ferðamenn, veitingastöðum og afþreyingu. Við stöndum á tímamótum sem áfangastaður og höfum að mörgu leyti einstakt tækifæri til að byggja upp öflugri heild í markaðs- og kynningarmálum. Þannig hafa nágrennasveitarfélög,



undir handleiðslu Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Höfuðborgarstofu, tekið höndum saman um samstarfsvettvang í gegnum nýja vörumerkið „Reykjavík Loves“. Þannig má spara tíma, fjármuni og orku í móttöku fjölmiðla, ferðasala og þeirra sem vilja kynna sér vöruna Reykjavík. Einnig nást fram samlegðaráhrif í útgáfu og kynningarmálum.

Megin tilgangur verkefnisins er að koma á framfæri nýju slagorði fyrir áfangastaðinn Reykjavík/ höfuðborgarsvæðið, stuðla að jákvæðri upplifun, fjölga gistináttum og hvetja til meiri dreifingar ferðamanna um höfuðborgarsvæðið. Í því skyni er nú m.a. unnið að gerð þemakorta um svæðið. Til að byrja með verða unnin tvenns konar kort: Annars vegar menningarkort (Reykjavík Loves Culture) með áherslu á menningarstofnanir og samgönguleiðir á höfuðborgarsvæðinu. Hins vegar afþreyingarkort (Reykjavík Loves Activity) með áherslu á afþreyingarmöguleika s.s. sundlaugar, göngu- og hjólaleiðir og aðrar samgönguleiðir. Kortið miðar einnig að því að kynna aðgengi að almenningsþróttaiðkun s.s. hlaupum, hjólreiðaæfingum og gönguhópum, svo eitthvað sé nefnt.

Tækifæri sem áfangastaður

Ástæða er til að ætla að Reykjavík og höfuðborgarsvæðið geti náð meiri árangri sem áfangastaður með því að koma á ýmsum klasaverkefnum. Slík verkefni nýtast vel til að koma fjölbreytileikanum á framfæri: náttúrunni, menningunni, sundlaugum (thermal pools), íþróttamannavirkjum, göngu- og hjólastígum, matartengdri upplifun o.fl. Afrakstur af samstarfi af þessu tagi er líklegur til að skila sér í meira framboði á fullvinnslu vöru og auknu framboði sem aftur leiðir til betri afkomu fyrirtækja. Með auknu framboði á hvers kyns þjónustu eykst einnig krafan um hærra þjónustustig.



Með átaki sem Höfuðborgarstofa og samstarfsvettvangur Ferðamálasamtaka höfuðborgarsvæðisins gætu komið af stað væri hægt að efla innri markaðssetningu á

svæðinu. Efla þarf vitund borgarbúa og fyrirtækja um hvers virði ferðþjónustan er fyrir samfélagið, bæði í félags- og fjárhagslegum skilningi. Innri markaðssetning stuðlar að aukinni samvinnu fyrirtækja í þágu sameiginlegs markmiðs.

Borgarbúar eru allir gestgjafar og eiga ríkulegan þátt í því að skapa jákvætt andrúmsloft fyrir ferðamenn sem heimsækja okkur. Því má segja að innri markaðssetning sé með mikilvægari þáttum ferðþjónustunnar um þessar mundir. Með samstilltu átaki þarf að tryggja að fjölgun ferðamanna fari ekki fram úr félagslegum þolmörkum borgarbúa og stuðla þannig að áframhaldandi jákvæðni heimamanna og góðri upplifun gestanna. Þessu til stuðnings má benda á viðhorfskönnun sem gerð var meðal ferðamanna. Af þeim sem afstöðu tóku sögðust 98,5% myndu mæla með Reykjavík en 1,5% ekki. Þessi niðurstaða er besta mæling meðal vetrarferðamanna í Reykjavík frá árinu 2004.

Meðal stórra verkefna á árinu verður endurskoðun og uppfærsla á aðgerðaáætlun Ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar.

Mæla með Reykjavík. Þeir sem afstöðu tóku



Meðaleinkunn afþreyingar janúar-apríl 2014 skv. Dear Visitors brottfararkönnun í Leifsstöð.

FJÁRMÁL, REKSTUR OG MANNAUÐSMÁL

SKIPULAG REKSTRAR 2015

Menningar- og ferðamálasvið leggur eins og undanfarin ár ríka áherslu á að finna hagkvæmustu leiðir í rekstri um leið og leitast er við að uppfylla metnaðarfull markmið stefnumörkunar Reykjavíkurborgar í mála-flokkunum. Hagræðingarkrafan sem birtist árið 2015 í því að engar vísitölubætur koma á breytilegan kostnað í rekstri utan afmarkaðra þátta, bitnar þyngst á stofnunum sviðsins sem hafa síðustu ár orðið fyrir verulegum raunniðurskurði á framlögum borgarsjóðs. Kostnaður í rekstri stofnana sviðsins hefur verið skorinn niður árvissst að árinu 2013 undanskildu, en þessari þröngu stöðu verður áfram mætt m.a. með því styrkja eftir margvíslegum leiðum öflun sértekna hjá stofnunum sviðsins og auka hagkvæmni samlegðar í rekstri.

Breytingar á gjaldskrár stofnananna taka annars vegar mið af viðmiðum fjárhagsáætlunar um vísitöluhækkningar, en hins vegar hefur sviðið sett sér skýr markmið um að nýta sem best kaupmátt erlendra ferðamanna með því að hækka einskisþis aðgang og fjölga fullborgandi gestum. Áfram er lögð áhersla á að kynna starfsemi menningarstofnana Reykjavíkurborgar fyrir ferðapjónustunni og efla sölu á Gestakorti Reykjavíkur. Hins vegar verður áfram lögð rík áhersla á að borgar-búar njóti betri kjara og hagkvæmni stærðar Reykjavíkur. Þannig verður áfram áhersla á kynningu og sölu á Menningarkorti Reykjavíkur og verðinu á því haldið óbreyttu þriðja árið í röð auk þess að efla safnabúðirnar, auka veltu þeirra og framlegð. 52 % af fjárhagsramma ársins verður varið til styrkja og samninga. 42 % af fjárhagsramma verður varið til rekstrar stofnana, en verulegar breytingar birtast á árinu þar sem stofnanir hafa verið sameinaðar s.s. fimm einingar í Borgarsögusafni og Menningarmiðstöðin Gerðuberg verður framvegis rekin sem hluti af Borgarbókasafninu. Markmiðin með þessu eru að sækja fram í rekstri og starfsemi og finna hagkvæmustu leiðir við ráðstöfun fjármuna.

Mannauðsmál


Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi er sá grunnur sem sviðið byggir á í mannaúðsmálum. Niðurstöður starfsmannakönnunar sýna að almennt eru starfmenn sviðsins jákvæðir og reiðubúnir til að leggja mikið á sig til að ná árangri í starfi. Álag mælist hins vegar mikið og farið verður í sérstakar aðgerðir til að greina og bæta úr. Sviðið leggur jafnframt höfuðáherslu á að kynbundinn launamunur sem mælist hefur hjá Reykjavíkurborg verði leiðréttur og störf innan sviðsins séu metin að verðleikum.

Fjármál	
FRUMVARP 2015 (í þús. kr.)	
Tekjur	
Rekstrartekjur	333.384
Rekstrartekjur samtals	333.384
Gjöld	
Laun og launatengd gjöld	1.021.092
Innri leiga	934.909
Annar rekstrarkostnaður	2.334.283
Rekstrargjöld samtals	4.290.284
Rekstrarniðurstaða	3.956.900

Starfsmenn	
Starfsmannafjöldi 2015	
Fjöldi starfsmanna	225
Fjöldi stöðugilda	155
Stöðugildi eftir stofnunum	
Borgarbókasafn Reykjavíkur	80,2
Borgarsögusafn Reykjavíkur	31,6
Listasafn Reykjavíkur	21,5
Höfuðborgarstofa	11,9
Skrifstofa sviðs	5,8
Sérverkefni	4,0


Starfshópar á sviðinu vinna að málum er snerta bætt upplýsingaflæði, fræðslu- og kynningarfundir, vistaskipti og heilsueflingu, auk fræðslu um einelti og áreitni á fyrirbyggjandi og jákvæðan hátt. Mannauðsráðgjafi mun taka til starfa á sviðinu m.a. til að fylgja eftir breytingum hjá stofnunum sem áfram eru í útfærslu.

Skipting rekstrar




- Stofnanir sviðs
- Styrkir og samstarfssamningar
- Stjórnun sviðs
- Annað

Skipting gjalda




- Launakostnaður
- Innri leiga húsnæðis, áhalda og tækja
- Styrkir og framlög án innri leigu
- Annar rekstrarkostnaður

Styrkir og rekstrarsamningar



- Leikfélag Reykjavíkur
- Tónlistar- og ráðstefnuhúsið Harpa
- Ráðstefnuborgin Reykjavík
- Sinfóníuhljómsveit Íslands
- Tjarnarbió
- Listahátíð í Reykjavík
- Aðrir styrkir og samstarfssamningar
- Sjónlistarmiðstöð Korpúlfsstöðum

Stofnanir sviðs



- Borgarbókasafn Reykjavíkur
- Listasafn Reykjavíkur
- Borgarsögusafn Reykjavíkur
- Höfuðborgarstofa

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2015

		Rekstrar-	Esk	Áætlun 2015			
		niðurstaða	áætlun	Tekjur	Laun og Itgj.	Annar rekstrar-kostn	Samtals
		2013	2014				
Yfirstjórn							
Menningar- og ferðamálaráð	03100	11.109	13.752	0	12.555	1.400	13.955
Skrifstofa menningar- og ferðamála	03110	66.309	67.808	0	63.481	14.054	77.536
		77.418	81.560	0	76.037	15.454	91.491
Höfuðborgarstofa							
Höfuðborgarstofa	07400	130.314	140.404	-54.418	84.165	136.167	165.914
		130.314	140.404	-54.418	84.165	136.167	165.914
Borgarbókasafn Reykjavíkur							
Skrifstofa	03200	176.194	186.253	-41.200	98.111	180.059	236.971
Aðalsafn	03201	136.520	135.405	-2.000	117.445	17.146	132.592
Kringlusafn	03202	74.342	73.798	-1.000	45.309	30.674	74.983
Sólheimasafn	03203	33.716	38.150	-500	31.019	9.476	39.995
Gerðubergssafn	03205	68.790	71.031	-4.900	65.932	65.405	126.437
Menningarmiðstöðin Gerðuberg	03500	84.062	85.867	0	0	0	0
Foldasafn	03207	46.504	49.290	-750	39.978	39.537	78.765
Ársafn	03208	57.500	56.912	-750	45.116	15.444	59.810
Artótek	03209	-120	-43	-2.000	1.484	499	-17
Bókabifreiðar	03250	24.625	25.113	0	17.410	7.839	25.249
		702.133	721.777	-53.100	461.805	366.079	774.784
Listasafn Reykjavíkur							
Listasafn Reykjavíkur	03300	164.272	162.748	-14.527	87.215	104.456	177.144
Safnráð Listasafns Reykjavíkur	03305	384	359	0	359	0	359
Hafnarhús	03310	63.930	71.054	-41.820	26.079	81.786	66.045
Kaffiteríur	03311	-4.506	-4.900	-5.200	0	500	-4.700
Kjarvalsstaðir	03320	62.235	66.283	-19.750	23.242	63.848	67.340
Ásmundarsafn	03330	19.083	19.735	-10.950	11.226	19.930	20.206
Listaverk á opnum svæðum	03350	6.698	6.330	0	0	8.969	8.969
Listaverkakaup	03360	15.695	15.672	0	0	15.672	15.672
		327.791	337.281	-92.247	148.122	295.161	351.036
Borgarsögusafn Reykjavíkur							
Skrifstofa	03700			-3.900	128.376	33.127	157.604
Árbæjarsafn	03704	149.803	174.668	-21.600	26.375	47.814	52.589
Borgarsögusafn - viðhald safngripa	03705	9.216	9.336	0	13.028	14.871	27.900
Landnámssýning	03710	37.983	48.720	-49.000	12.671	62.998	26.669
Ljósmyndasafn Reykjavíkur	03600	43.707	44.504	-12.450	18.595	26.680	32.825
Viðey	03900	70.729	73.648	-3.969	8.753	68.725	73.509
Sjóminjasafn	07250	22.000	29.480	-38.900	13.284	38.095	12.479
		333.438	380.356	-129.819	221.083	292.310	383.575

		Rekstrar-	Esk	Áætlun 2015			
		niðurstaða	áætlun	Tekjur	Laun og ltgj.	Annar rekstrar- kostn	Samtals
		2013	2014				
Styrkir og samstarfssamningar							
Leikfélag Reykjavíkur	03101	836.421	860.039	0	0	936.164	936.164
Listahátíð	03105	36.000	36.000	0	0	36.000	36.000
Sjónlistarmiðstöðin Korpúlfsstöðum	03109	26.315	28.146	0	0	27.944	27.944
Loftbrýr	03111	3.721	3.700	0	0	3.700	3.700
Styrkir og rekstarsamningar	03113	124.572	143.810	0	0	145.880	145.880
Ráðstefnuborgin Reykjavík	03131	40.000	40.000	0	0	40.000	40.000
Tjarnarbió - Sjálfstæðu leikhúsin	03135	35.233	36.301	0	0	47.710	47.710
Húsnaðisstyrkir til menningarmála	03140	33.450	34.208	0	0	37.722	37.722
		1.135.712	1.182.204	0	0	1.275.120	1.275.120
Framlög							
Sinfóníuhljómsveit Íslands	03102	166.189	169.245	0	0	180.099	180.099
Framlag til Hörpu	03145	547.102	574.429	0	0	589.065	589.065
		713.291	743.674	0	0	769.164	769.164
Annað							
Sameiginlegur kostn. og ófyrirséð	03120	12.766	42.337	-1.500	11.134	28.854	38.488
Tengsl skóla og menningarstofnana ...	03121	6.512	9.900	0	0	13.900	13.900
Gjaldfærðir lausafjármunir	03125	8.588	8.830	0	0	8.830	8.830
Sérverkefni	03137	75.488	91.013	-2.300	18.747	51.480	67.926
Innri leiga áhaldna og tækja	03999	8.651	11.497	0	0	16.673	16.673
		112.003	163.577	-3.800	29.881	119.737	145.816
Menningar- og ferðamálasvið samtals		3.532.101	3.750.833	-333.384	1.021.092	3.269.192	3.956.900

STEFNUKORT

Gildi: Mannrækt – Orka – Fagmennska

Þjónusta	Menningaruppeldi	Höfuðborg menningar	Eftirsóknarverður áfangastaður	Nýsköpun	
Fjármál	Hagkvæm nýting og stýring fjármuna	Sterk kostnaðarvitund	Gagnsæl í styrkveitingum	Verðmætasköpun	
Verklag	Samstarf og samráð	Öflug miðlun	Gott aðgengi og almenn þátttaka	Hlið að sögu og menningarminum	Skýr stefnumörkun og gagnsæ stjórnsýsla
Mannauður	Hæfir og áhugasamir starfsmenn	Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi		Árangursríkir stjórnunarhættir	

Þjónusta

Menningaruppeldi

Mikilvægur hluti starfsemi allra menningarstofnana borgarinnar er fræðsla og miðlun til fólks á öllum aldri. Að auki er eitt af meginmarkmiðum menningarstefnunnar að menning og listir séu snar þáttur í uppeldi og kennslu barna á öllum skólastigum.

Höfuðborg menningar

Höfuðborgarhlutverkið gengur sem rauður þráður í gegnum menningar- og ferðamálastefnur Reykjavíkurborgar. Reykjavík er höfuðborg menningar í landinu og Bókmenntaborg UNESCO. Menningarlífið byggir á menningararfi, frjórri hugsun og frumkvæði og einkennist af fjölbreytni og virkri þátttöku íbúa og gesta. Menningarborgin er ein af fjórum stoðum ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar.

Eftirsóknarverður áfangastaður

Reykjavík er eftirsóttur áfangastaður ferðamanna allt árið um kring. Hún eflist sem vettvangur ráðstefna og alþjóðlegra viðburða og er þekkt sem áhugaverð menningarborg í nábýli við einstæða náttúru. Sérstaða Reykjavíkur sem heilsuborgar felst í nýtingu á hreinni orku, heitu vatni og fyrsta flokks aðstöðu.

Nýsköpun

Menningarlíf og ferðaþjónusta í borginni einkennist af þrótti og metnaði og nýtur hvatningar til nýsköpunar og þróunar. Aðstaða og rými er til staðar fyrir fjölbreytta ferðaþjónustu, kraftmikið listalíf og aðra menningarstarfsemi.

Fjármál

Hagkvæm nýting og stýring fjármuna

Lögð er áhersla á markvissa fjármálastjórn, þar sem leitað er hagkvæmstu leiða, með aðhald og skilvirkni að leiðarljósi.

Sterk kostnaðarvitund

Rekstrarleg ábyrgð stjórnenda er skýr og upplýsingar um reksturinn aðgengilegar. Þannig eflist kostnaðarvitund um leið og eðlilegu aðhaldi og eftirliti er viðhaldið.

Gagnsæi í styrkveitingum

Verklagsreglur um styrkveitingar eru skýrar og eftirfylgni með veittum styrkjum markviss.

Verðmætasköpun

Menning og ferðamál eru auðlindir sem leggja grunn að efnahags- og atvinnulífi borgarinnar. Lögð er áhersla á beint og óbeint framlag þeirra og annarrar skapandi starfsemi til efnahagslífsins.

Verklag

Samstarf og samráð

Samstarf og samráð er lykilatriði í menningar- og ferðamálum. Áhersla er lögð á samvinnu milli stofnana og fagsviða borgarinnar og hagsmunaaðila innan lands og utan. Hafa ber samráð við borgarbúa með reglulegum könnunum á viðhorfum þeirra og óskum.

Öflug miðlun

Stofnanir á Menningar- og ferðamálasviði leggja áherslu á þróun miðlunar. Með því að vera í fararbroddi í nýmiðlun bæta þessar stofnanir þjónustu sína og kynningu.

Gott aðgengi og almenn þátttaka

Menningarlífið í borginni er aðgengilegt öllum og einkennist af fjölbreytni, víðsýni og virðingu. Það laðar fólk til borgarinnar, hvetur til almennrar þátttöku og stuðlar að betra mannlífi.

Hlúð að sögu og menningarminum

Menning, listir og saga eru grunnur borgarmyndarinnar. Unnið er fjölbreytt, markviss og faglegt starf á sviðum söfnunar, rannsókna, varðveislu og miðlunar. Menningararfurinn er sýnilegur í borgarlandinu og áhersla lögð á menningarlega sérstöðu Reykjavíkurborgar.

Skýr stefnumörkun og gagnsæ stjórnsýsla

Vægi menningar og ferðamála í stjórnkerfi borgarinnar er ótvírátt. Skipulag menningar- og ferðamála er skýrt og stjórnun þeirra markviss.

Mannauður

Hæfir og áhugasamir starfsmenn

Tryggja skal starfsmönnum góð starfsskilyrði og gefa þeim tækifæri til að auka þekkingu sína og færni.

Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi

Samskipti einkennast af trausti og virðingu og starfsumhverfi er hvetjandi og jákvætt. Lögð er áhersla á að virkja frumkvæði, metnað og frjóa hugsun meðal starfsmanna.

Árangursríkir stjórnunarhættir




Stjórnendur tileinka sér góða stjórnunarhætti, sem m.a. fela í sér jákvætt viðhorf til samstarfsmanna, virkt upplýsingastreymi og dreifingu valds og ábyrgðar. Stjórnendur hafa tækifæri til símenntunar og nauðsynleg tæki til að sinna stjórnunarhlutverki sínu.

SKORKORT 2015

Vidd / velgengnisþáttur	Mælikvarði	Rauntölur 2013	Áætlun 2014	Markmið 2015
Þjónusta				
Menningaruppeldi	Fjöldi viðburða sérstaklega skipulagðir fyrir börn og fjölskyldur	153	141	192
	Fjöldi barna og unglinga í skipulögðum heimsóknum.	42.370	46.100	46.800
Höfðuborg menningar	Hlutfall jákvæðra vegna Menningarnætur samkvæmt Gallupkönnun	73%	72%	76%
	Fjöldi fjölmeningartengdra verkefna og viðburða	35	27	30
	Fjöldi nýrra sýninga á menningarstofnunum	72	50	61
Eftirsóknarverður áfangastaður	Aðsókn að stofnunum sviðsins	1.363.411	1.409.150	1.471.000
	Ánægja með þjónustu/starfsemi stofnana sviðsins	87%	88%	88%
	Kynningarfundir um Reykjavík sem áfangastað	98	42	42
Nýsköpun	Nýmæli í starfsemi	26	17	9
Fjármál				
Hagkvæm nýting og stýring fjármuna	Fjárhagsáætlun v/raun	-1,0%	+/- 1%	+/- 1%
Sterk kostnaðarvitund	Kostnaður við rekstur stofnana sviðsins pr. gest	1.079	1.080	1.139
Verðmætasköpun	Fjöldi verkefna þar sem samstarfsaðilar fjármagna a.m.k. 15% af kostnaði	44	33	44
	Sértekjur stofnana sviðsins sem hlutfall af ramma	-18%	-17%	-20%
Verklag				
Samstarf og samráð	Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	45	40	37
	Fjöldi samráðsfunda og aðgerða sem hvetja til þátttöku almennings í þróun, stefnumótun og ákvarðanatöku	11	6	6
Öflug miðlun upplýsinga	Fjöldi heimsókna á vefsvæði stofnana sviðsins	1.102.662	871.200	1.213.679
	Fjöldi fylgjanda á samfélagsmiðlum	61.315	65.000	98.870
	Fjöldi síðuflettinga á vefsíðum	3.137.825	3.333.000	3.756.000
Gott aðgengi og almenn þátttaka	Hlutfall gesta sem eru ánægðir með viðmót starfsmanna	80%	88%	89%
Hlúa að sögu og menningarminjum	Fjöldi rannsóknarverkefna	19	12	10

Vidd / velgengnisþáttur	Mælikvarði	Rauntölur 2013	Áætlun 2014	Markmið 2015
Mannauður				
Hæfir og áhugasamir starfsmenn	Hlutfall starfsmanna sem eru ánægðir í starfi þegar á heildina er lítið	86%	90%	90%
	Hlutfall starfsmanna sem hlakka til að mæta í vinnuna	81%	86%	86%
	Hlutfall starfsmanna sem telur hæfni sína vel nýttu í starfi	73%	85%	85%
	Hlutfall starfsmanna sem telur samvinnu góða á sínum vinnustað	78%	90%	90%
Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi	Hlutfall starfsmanna sem sem telur sig fá nauðsynlegar upplýsingar sem snerta starf sitt og/eða vinnustað	73%	80%	80%
	Hlutfall starfsmanna sem hefur verið hrósað fyrir vel unnin störf á síðustu mánuðum	56%	80%	80%
	Hlutfall starfsmanna sem ekki hafa orðið fyrir einelti frá samstarfsfólki á síðustu 12 mánuðum	98%	100%	100%
Árangursríkir stjórnunarþættir	Hlutfall starfsmanna sem bera traust til yfirmanns síns	74%	90%	90%
	Hlutfall starfsmanna sem finnst vinnstað sínum vel stjórnað	61%	80%	80%
	Hlutfall starfsmanna sem hafa farið í árlegt starfsmannasamtal á síðustu 12-15 mán.	60%	80%	80%
	Hlutfall starfsmanna sem hefur fengið tækifæri til símenntunar og starfsþróunar á síðustu 12 mánuðum	84%	80%	80%

Sjóminjasafn hluti af MOF 2015

95-100% markmiðum náð 
75 - <95% þarf að nást 
Minna en 75% markmiða náð 

REYKJAVÍK BÓKMENNTABORG UNESCO



Hlutverk

Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO er menningar-skrifstofa sem hefur það hlutverk að miðla bókmenningu og orðlist til borgarbúa og gesta borgarinnar. Hún stendur fyrir lestrarhvetjandi verkefnum fyrir börn og fullorðna, eflir bókmennta- og ritlistarlífið í borginni og gerir bókmenntasögu hennar aðgengilega í borgarlandinu. Hún styður við ímynd Reykjavíkur sem borg orðlistar, innanlands og utan og tekur þátt í alþjóðlegu starfi með öðrum Skapandi borgum UNESCO.



Leiðarljós Bókmenntaborgar

Að Reykjavík verði þekkt sem borg orðlistar, jafnt innanlands sem og á alþjóðlegum vettvangi. Stoðir hennar verði styrktar í samstarfi við aðra þá sem koma að bókmenningu og ritlist á breiðum vettvangi.

Meginmarkmið

Að halda utan um það mikla starf sem þegar er unnið á sviði bókmenningar og orðlistar og það kynnt á aðgengilegan og aðlaðandi hátt. Að hvetja til frekara samstarfs og nýsköpunar á sviði orðlistar og lestrarmenningar. Að bókmenntir og ritlist verði ein af stoðum skapandi starfs í borginni. Að efla alþjóðatengsl á vettvangi bókmennta, orðlistar og annarra skapandi greina.



HELSTU VERKEFNI 2015

Bókmenntaborgin Reykjavík hefur verið að festa sig í sessi sem öflug menningarskrifstofa á sviði orðlistar. Sem fyrr verður Lestrarhátíð í Bókmenntaborg stærsta einstaka verkefni ársins en hún verður haldin í fjórða sinn í október 2015. Að þessu sinni verður sjónum beint að kvenrithöfundum í tilefni 100 ára afmælis kosningaréttar kvenna og verður lögð áhersla á að fá sem flesta til liðs við Bókmenntaborgina af þessu tilefni. Allir lesa – landsleikur í lestri hefur bæst við sem stórt lestrarhvetjandi verkefni og fer leikurinn fram í annað sinn 2015 í samstarfi við Miðstöð íslenskra bókmennta. Þetta er landsátak í lestri í stíl við Hjólað í vinnuna og er því ætlað að verða árviss viðburður. Hefðbundin verkefni, svo sem þátttaka í borgarhátíðum og Bókamessa í Bókmenntaborg verða áfram á dagskrá.

Miðlun

Áfram verður haldið að kortleggja bókmenntasögu borgarinnar og merkja sögutengda staði í samræmi við aðrar menningarmerkingar Reykjavíkurborgar, í samstarfi við Borgarsögusafn og Umhverfis- og skipulagssvið. Sérstaklega verður hugað að sögu kvenna í tilefni afmælisársins 2015. Smáforritið Reykjavík Culture Walks verður þróað áfram, það inniheldur nú fjölbreyttar göngur á fjórum tungumálum og verður a.m.k. þremur nýjum bókmenntagöngum bætt við á árinu. Þar verður lögð áhersla á kynningu á sagnaarfi Íslendinga, bókmenntum fyrir börn og bókmenntum eftir konur. Aðrar menningarstofnanir Reykjavíkurborgar verða einnig hvattar til að nýta sér forritið. Vefir Bókmenntaborgarinnar og vefurinn bokmenntir.is voru sameinaðir í lok árs 2014 og í framhaldi þess verður sérstök áhersla lögð á að kynna þennan nýja vef á árinu.

Sleipnir

Sleipnir, lestrarfélagi barna, fékk búning 2014 og verður á árinu byrjað að þróa efni sem fylgir honum í heimsóknir í skóla, leikskóla og bókasöfn borgarinnar. Hugað verður að skipulagningu slíkra heimsókna og hvernig megi nýta Sleipni sem best við lestrarhvatningu. Þetta er þriðji áfangi í þróun Sleipnisverkefnisins og verður byrjað á því að vinna efni fyrir leikskólaaldurinn, í formi bókar og leiðbeininga fyrir leikskólakennara. Fyrir árslok geta leikskólar borgarinnar pantað heimsókn frá Sleipni í skipulagðar lestrarstundir og verður í framhaldinu hugað að efni fyrir grunnskólabörn.

Grasrót og fjölmening

Bókmenntaborgin mun halda áfram að styðja við grasrótastarf innan orðlistar og leggur áherslu á samstarf við nýgræðinga í þessum geira. Á árinu verður samstarfi við Söguhring kvenna fram haldið með ritsmiðju fyrir konur af innlendum og erlendum uppruna. Stefnt er að útgáfu rits með textum sem verða til í smiðjunum.

Bókmenntaborgin tekur þátt í alþjóðlegu starfi Skapandi borga UNESCO og öðrum alþjóðlegum verkefnum sem tengjast bókmenntum og orðlist og horfir þar sérstaklega til stækkandi samstarfsnets Skapandi borga. Áframhaldandi samstarf verður við Goethe stofnun í Kaupmannahöfn um að bjóða þýskum gestaríthöfundum að dvelja um nokkurra vikna skeið í Reykjavík.

Viðburðadagatal Reykjavík Bókmenntaborgar 2015

Viðburðadagatal Reykjavík Bókmenntaborgar 2015	
Febrúar	Safnanótt
Apríl	Barnamenningarhátíð
Maí	Listahátíð í Reykjavík
Júlí	Art of Being Icelandic- sýning í Ráðhúsi Reykjavíkur
Ágúst	Hinsegin dagar. Menningarnótt
September	Bókmenntahátíð í Reykjavík
Oktober	Lestrarhátíð í Bókmenntaborg; Allir lesa – landsleikur í lestri
Nóvember	Bókamessa í Bókmenntaborg; Allir lesa – landsleikur í lestri
Desember	Jólaborgin





BORGARBÓKASAFN
REYKJAVÍKUR

Hlutverk

Borgarbókasafn Reykjavíkur er alhliða upplýsinga- og menningarstofnun og meginhlutverk þess er að jafna aðgengi að menningu og þekkingu. Lögð er áhersla á gott aðgengi borgarbúa á öllum aldri að þjónustu, fræðslu og viðburðum á sviði menningar og lista.

Leiðarljós

Borgarbókasafn Reykjavíkur standi, í alþjóðlegu umhverfi, jafnfætis bestu almenningsbókasöfnum og menningarhúsum hvað varðar þjónustu, búnað og viðburðahald. Starfsemin beri vott um fagmennsku, virðingu, víðsýni og sköpunarkraft.

Meginmarkmið

- **Lýðræði:** Borgarbókasafnið eflir lýðræði og jöfnuð. Þjónusta safnsins skal ná til allra borgaranna án tillits til aldurs, kyns, kynþáttar, stjórnmálaskoðana, trúar, þjóðernis eða þjóðfélagsstöðu. Þannig eflir það lýðræði, jafnrétti, athafnafrelsi og velferð borgaranna.
- **Menning:** Borgarbókasafnið er miðstöð mannlífs og menningar og er menningarstofnun í víðustu merkingu þess orðs. Þar mætast ólíkir hópar sem gefa raunsanna mynd af hinni margvíslegu menningu samfélagsins.
- **Menntun:** Borgarbókasafnið er vettvangur barna, ungmenna og fullorðinna til að uppgötva og rannsaka heiminn og þróa þannig hæfileika sína og tækifæri. Menntun, líft og menning, er liður í þroska og þróun hvers einstaklings, óháð því hvernig hennar er afluð.
- **Uppspretta:** Borgarbókasafnið er vettvangur hugmynda, sköpunar og upplifunar. Einstaklingar og hópar hafa tækifæri til að örva andann og sköpunarkraftinn, hvort sem það er í gegnum samskipti við aðra, þátttöku, menningu og listir.
- **Fyrirmynd:** Borgarbókasafnið er upplýsinga- og menningarmiðstöð sem gegnir forystuhlutverki meðal almenningsbókasafna landsins og sækir fyrirmynd sína til fremstu safna heims.



Fjármál 2015

FRUMVARP 2015 (í þús. kr.)

Tekjur

Rekstrartekjur 53.100

Gjöld

Laun og launatengd gjöld 461.805

Innri leiga 175.956

Annar rekstrarkostnaður 190.123

Rekstrarniðurstaða

774.784

Starfsmannafjöldi 2015

Heildarfjöldi starfsmanna 108

Fjöldi stöðugilda 80,2

Borgarbókasafn Reykjavíkur starfar samkvæmt bókasafnslögum nr. 150/2012. Það hefur yfirlýsingu frá UNESCO um almenningsbókasöfn frá 1994, menningarstefnu Reykjavíkurborgar og samþykkt um Borgarbókasafn að leiðarljósi í starfi sínu.

Borgarbókasafnið rekur sex starfsstaði í Grófinni, Gerðuberg, Kringlunni, Spönginni, Sólheimum, Árbæ ásamt samreкну skóla- og almennings safni í Norðlingaholti. Einnig bókaþilinn Höfðingja og sögubílinn Æringja.

Menningarmiðja í hverfum borgarinnar

Um áramótin 2014-15 sameinast Borgarbókasafn Reykjavíkur og Menningarmiðstöðin Gerðuberg í eina stofnun. Skipuriti stofnunarinnar er breytt og stofnuð deild innan safnsins sem ber ábyrgð á viðburðum, fræðslu, sýningum og miðlun. Er þetta liður í því að útvíkka starfsemi safnsins í þá átt að styrkja framtíðarhlutverk starfsstaða Borgarbókasafns sem menningarmiður í hverfum borgarinnar með aukinni áherslu á fjölbreytta dagskrá árið um kring. Áhersla er lögð á barnamenningu, fjölmeningu og alþýðumenningu í sameinaðri stofnun. Lögð er áhersla á Borgarbókasafn sem þriðja staðinn, griðastað í amstri dagsins þar sem hægt er að njóta, læra, taka þátt og styrkja andann. Þessar áherslur endurspeglar vel yfirskrift ársins á Menningar- og ferðamálasviði sem er Fjölbreytt menning | fríðsæl borg.

Unnið verður að því að styrkja enn frekar tengsl starfsstaða Borgarbókasafnsins við nærsamfélagið í hverju hverfi, s.s. félagasamtök og stofnanir innan og utan borgar. Á haustdögum 2014 flutti starfsstöð (áður Foldasafn) Borgarbókasafns í Grafarvogi í stórt og glæsilegt húsnæði í Spönginni 41. Húsnæðið býður upp á mikla möguleika til viðburða- og sýningarhalds sem verður mótað í góðri samvinnu við hverfisbúa.

Samhliða stofnun deildar fræðslu, viðburða og miðlunar voru lögð drög að tveimur öðrum miðlægum deildum, þjónustudeild og rekstrardeild. Þeim verður komið á laggirnar á árinu. Þjónustudeild er ætlað að sinna safnkosti, þjónustu við lánþega, nýmiðlun og tæknimálum og rekstrardeild mun sjá um fjármál, áætlanar- og skýrslugerð, bókhald, eignaumsýslu, skjalastjórn og fleira þar að lútandi.

Viðburðir og sýningar

Við sameiningu Menningarmiðstöðvarinnar Gerðubergs og Borgarbókasafnsins verður lögð rík áhersla á að efla og þróa framboð á fræðslu, viðburðum og sýningum á öllum starfsstöðum. Miðlunarleiðir verða rýndar og nýtt kynningarefni hannað fyrir stofnunina. Á fyrstu mánuðum ársins verður barna- og unglingamenningin í

brennidepli. Á Vetrarhátíð verður boðið upp á Ljóðaslamm fyrir unglíngana, Heimsdag barna, myrkvasögu-stundir og skuggaleikhús svo fátt eitt sé nefnt. Átta ára skólabörn koma í heimsókn til að skoða myndskreytingar úr nýjustu barnabókunum á farandsýningunni Þetta vilja börnin sjá! Þau taka auk þess þátt í líflegri dagskrá á bókasafninu og skoða litríka sýningu systranna Söru og Svanhildar Vilbergsdætra. Bolludagur, sprengidagur og öskudagur eru skemmtilegir að venju og börnin fá að taka þátt í smíðju og búa til eigin öskupoka og bolluvendi. Barnamenningarhátíðin verður vegleg og mun Borgarbókasafnið bjóða upp á spennandi viðburði fyrir skólabörn og fjölskyldur. Hvatt verður til þátttöku í hinni árlegu myndasögukeppni og verkkeppenda sett upp á sýningu sem ferðast vítt og breitt um landið. Börnin verða líka hvött til dáða með lestrarhvetjandi viðburðum yfir sumarið, s.s. með þátttöku í sumarlestrarkeppni og ritsmíðjum.

Mikil breidd verður í sýningarhaldinu. Heilagir staðir er heiti ljósmyndasýningar sem sett verður upp á vordögum í samstarfi við Þjóðminjasafnið í Gdansk í Póllandi. Þar má sjá myndir af norskum stafkirkjum, íslenskum sveitakirkjum og kapellum í Póllandi. Um er að ræða hluta af stærra verkefni sem miðar að því að miðla þekkingu á völdum helgum byggingum í þessum löndum, sérstaklega í tengslum við fjölmenningslega arfleifð þeirra. Á haustdögum verður búinn til söguheimur skrímslanna úr sögubókum þríeykisins Áslaugar Jónsdóttur, Rakelar Helmsdal og Kalle Güettler. Lögð verður áhersla á upplifun og virkni ungra gesta sem vafalaust hlakka til að hitta fyrir þessar þekktu sögupersónur.

Fjölbreyttar viðburða- og tónlistarraðir verða í boði og má þar nefna Café Lingua, Klassík í hádeginu, Jazz í hádeginu, heimspekikaffi, handverkskaffi, leikhúskaffi, sagnakaffi og bókakaffi. Viðfangsefni eru af ýmsum toga og allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.

Árlegt ritþing verður haldið í haust en þar mun íslenskur rithöfundur sitja fyrir svörum um líf sitt og höfundarferil. Lestrarhátíð Bókmenntaborgarinnar verður á sínum stað og mun Borgarbókasafnið taka



virkan þátt í undirbúningi hennar sem og fleirum bókmenntaverkefnum sem snúast um að efla læsi barna og fullorðinna í víðum skilningi þess orðs.

Fjölmarginir utanaðkomandi aðilar sækjast eftir að standa fyrir mannamótum af ýmsu tagi í húsnæði safnsins. Áfram verður kappkostað að veita sem flestum tækifæri til að nýta bókasafnið sem vettvang fjölbreyttra viðburða.

Stefna um uppbyggingu á safnkosti

Safnkostur Borgarbókasafnsins skal uppfylla óskir og þarfir viðskiptavina og vekja athygli og áhuga gesta á lestri og almennri þekkingarleit. Safnið setur sér stefnu um uppbyggingu safnkosts sem er í stöðugri endurskoðun. Á árinu verður stefnan endurskoðuð með tilliti til nýrra miðla og breyttrar notkunar gesta. Sérstaklega skal hugað að gögnum á rafrænu formi.

Tilraunaverkefni á rafbókaútlánunum í samvinnu við Landskerfi bókasafna hefst á árinu. Skoðaðir verða möguleikar á útlánunum á innlendu efni, en einnig verður leitað leiða til að bjóða upp á erlent efni.

Fræðsludagskrá fyrir börn og unglunga

Lögð verður sérstök áhersla á starf með unglingum. Lestrarmarabon, Ljóðaslamm, myndasögusamkeppni, Bókaræman og SMS (Sendu Mér Sögu) eru verkefni sem unnið hefur verið að undanfarin misseri. Áfram verða þróaðar leiðir til að hvetja unglunga til þátttöku, virkja sköpunarkraft þeirra og vekja um leið áhuga á lestri. Sérstaklega verður hugað að því að dagskrá höfði til stráka jafnt sem stelpna.

Starf með börnum hefur alltaf verið öflugt í Borgarbókasafni og í Gerðubergi hefur barnamenningu verið gert hátt undir höfði. Sögustundir og móttaka skólahópa verður áfram stór þáttur í starfsemi safnsins og stefnt verður að því að fá utanaðkomandi aðila til að útbúa kennslufni fyrir þrjá aldurshópa. Kennslufnið verður

þannig uppbyggt að börnin sem koma í heimsókn leysa verkefni áður en þau koma og jafnvel einnig í heimsókninni sjálfri. Bókaverðlaun barnanna þar sem börnum á öllu landinu gefst tækifæri á að kjósa skemmtilegustu bækur ársins er verkefni Borgarbókasafnsins. Undanfarin tvö ár hefur verðlaunaafhending farið fram að hausti en 2015 er ætlunin að færa afhendinguna á Sumardaginn fyrsta eins og áður var. Gerð var tilraun með leshringi fyrir 9-12 ára á tveimur söfnum á síðasta ári og gafst sú tilraun vel. Stefnt er að því að bjóða upp á leshringi á sem flestum starfsstöðum.

Fjölmennning

Bókasafnið er staður þar sem einstaklingar mæla sér mót og hópar koma saman. Ný tengsl myndast og í bókasafninu eru byggðar brýr milli menningarheima, tungumála og þekkingarsviða. Sameining safnsins við Gerðuberg og opnun á nýju safni í Spönginni styður við hugmyndina um bókasafnið sem miðstöð fjölbreytileikans og gátt inn í samfélagið.

Eitt af markmiðum með sameinaðri stofnun er að efla fjölmenningu. Fjölmenningarstarf Borgarbókasafns hefur vaxið og dafnað og er nú afar fjölbreytt og þrötmikið. Verkefni eru unnin í samstarfi við ýmsa aðila í samfélaginu, stofnanir, félög og einstaklinga, sem er liður í að auka þátttöku borgarbúa um alla borg. Dæmi um verkefni sem verða þróuð áfram og á fleiri stöðum eru Söguhringur kvenna, Café Lingua, „Heilahristingur“ – heimanámsaðstoð og „Fljúgandi teppi“ – menningarmót. Helstu nýjungar á sviði fjölmenningar er menningarmót í tungumálakennslu þar sem virkjaður verður sá fjársjóður sem felst í tungumálaförða tví- og fjölyngdra nemenda. Þannig má stuðla að áhuga, forvitni og aukinni tungumálakunnáttu annarra nemenda og þar með fjölmenningarferni almennt.



Borgarbókasafn grænt í gegn

Allir starfsstaðir Borgarbókasafns hafa innleitt fyrstu grænu skref Reykjavíkurborgar. Haldið verður áfram á þeirri braut t.d. með því að skoða græna barnadeild, græna leigu og fleira.

Starfsmannamál

Í breytingum sem standa yfir er mikilvægt að huga sérstaklega að líðan starfsfólks. Það verður gert með öflugum innra starfi og upplýsingagjöf. Bóðið verður upp á fjölbreytta fræðsludagskrá, hópefli af ýmsum toga sem ætlað er að þjappa hópnum og viðhalda góðum starfsanda.

Stíklur úr viðburðadagatali Borgarbókasafnsins 2015	
Janúar	Stund milli stríða - málverkasýning Söru og Svanhildar Vilbergsdætra • Sýningin þetta vilja börnin sjá! • Jazz í hádeginu - Kúlda Klang • Boginn - Úr einu í annað - sýning Heiðrúnar Þorgeirsdóttur
Febrúar	Pemadagar í barnadeildum • Vetrarhátíð - Safnanótt - Heimsdagur barna - Ljóðaslamm - Myrkvasögustundir - Skuggaleikhússmiðja • Öskudagssmiðja • Alþjóðlegi móðurmálsdagurinn • Klassík í hádeginu-Hulda Björk Garðarsdóttir sópran • Bingókvöld • Transland - myndlistarsýning Huldu Vilhjálmisdóttur
Mars	Hversdagshetjur á köldum klaka - barna- og unglingsbókaráðstefna • Litaðu og lærðu um íslenska nútímalist - sýning Freyju Eilífar Logadóttur • Hönnunarsars - Kristín Edda Gylfadóttir hjá Kráka design • Hagþenkir - fyrirlestrarröð • Jazz í hádeginu - Ragnheiður Gröndal Gyrðisvaka - Sigurður Skúlason fjallar um Gyrði Elíasson rithöfund
Apríl	Alþjóðlegi barnabókadagurinn • Heilagir staðir- ljósmyndasýning • Vika bókarinnar • Barnamenningarhátíð - fjölbreytt dagskrá • Páskabingó • Dagskrá á Sumardaginn fyrsta - Bókaverðlaun barnanna • Hvert liggur leiðin - sýning Katrínar Matthíasdóttur Klassík í hádeginu - Strokkvartettinn SIGGI • List án landamæra - samsýning
Maí	Grafarvogsdagurinn • Draumar - myndasögusamkeppni og -sýning • Hverfismarkaður
Júní	Kvöldgöngur • Bókmenntagöngur á ensku • Sumarlestur • Ritsmiðjur • Hlutverkasetur - samsýning Litka - samsýning • Sýning Borgarskjalasafns í tilefni 100 ára kosningarafmælis kvenna
Júlí	Kvöldgöngur • Bókmenntagöngur á ensku • Sumarlestur • Dagur Gunnarsson ljósmyndasýning
Ágúst	Uppskeruhátíð sumarlesturs • Dagskrá á Menningarnótt • Kvöldgöngur • Bókmenntagöngur á ensku • Erna G. Jóhannsdóttir sýnir málverk í Boga
September	Bókasafnadagurinn • Evrópski tungumáladagurinn • Skrímsli í Gerðubergi - Norræn farandsýning Vika símenntunar
Október	Lestrarhátíð • Ritþing og bókmenntanámskeið • Klassík í hádeginu - Sigurður Halldórsson sellóleikari • Leshópur unglunga
Nóvember	Norræna bókasafnavikan • Dagur íslenskrar tungu • Vertu með! - Fjölskyldudagskrá Móðurmáls Jólaföndur • Klassík í hádeginu - Svanur Vilbergsson gítarleikari
Desember	Tilnefning til Fjöruverðlaunanna • Jólaleiksýning • Jólaföndur • Upplstur úr nýjum bókum • Jólásögustundir • Jólábíngó • Bókmenntakynningar fyrir unglunga
Fastir viðburðir yfir vetrarmánuði	Laugardagar og sunnudagar eru barnadagar • Fjölskyldumorgnar • Sögustundir • Safnkynningar Heilahristingur • Leshringir fyrir börn og fullorðna • Lesum blöðin saman • Café Lingua • Söguhringur kvenna • Menningarmót • Reykjavík Safari • Handverkskaffi • Sagnakaffi • Leikhúskaffi Heimspekikaffi • Bókakaffi • Þrjónakaffi • Menntun núna - Fimmtudagsfræðsla • Kvæðamannafélagið lðunn - æfingar og félagsfundir • Origami kennsla • Æringi sækir leikskóla- og frístundaheimili heim Dagskrá tengd viðburðum í deigluinni • Ráðgjöf fyrir innflytjendur
Fastir viðburðir yfir sumarmánuði	Kvöldgöngur • Bókmenntagöngur á ensku • Sumarlestur • Ritsmiðjur
Árið um kring	Sýningarhald af ýmsum toga í Gerðubergi, Grófinni, Árbæ og í Spönginni • Kvikmyndasýningar og aðrir viðburðir í Kamesi • Útstillingar á safnkosti í tengslum við ýmsa merkisdaga, hátíðir og annað Þátttaka starfsstaða, bókabílsins Höfðingja og sögubílsins Æringja í hverfishátíðum borgarinnar. Bókmenntagöngur eftir pöntunum • Gönguhópar

Lykiltölur Borgarbókasafnsins	Rauntölur 2012	Rauntölur 2013	Útkomu-spá 2014	Markmið* 2015
Gestafjöldi - heildartala	636.970	626.015	620.000	695.000
- Menningarhús Grófinni	195.736	192.791	193.000	193.000
- Menningarhús Kringlunni	115.932	107.801	112.000	113.000
- Menningarhús Sólheimum	84.583	87.291	82.000	83.000
- Menningarhús Gerðubergi	93.817	91.580	90.000	150.000
- Menningarhús Spönginni	61.575	61.378	62.000	69.000
- Menningarhús Árbæ	64.508	66.893	62.000	62.000
- Bókabíll	16.052	13.069	15.000	15.000
- Æringi	4.767	5.212	4.000	5.000
- Norðlingaholtsskóli	-	-	-	5.000
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	12.789	10.679	11.000	15.000
Fjöldi viðburða fyrir börn og fjölskyldur	51	56	56	100
Fjöldi heimsókna á vefi BBS	202.254	223.781	192.000	210.000
Fjöldi uppflettinga á vefi BBS	667.260	619.536	480.000	540.000
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna				5
Samstarfsaðilar				91
Safnkostur	477.603	459.260	461.000	460.000
Safnkostur á íbúa	4,02	3,78	3,8	3,8
Velta safnkosts - útlán á eintak	2,06	1,99	2	2
Afgreiðslustundir safnanna og bókabíls á viku	342	342	363	363
Heildarhúsnæði í fermetrum-brúttó	6.622	6.622	7.222	9.122
Útlán - heildartala	985.802	916.037	900.000	920.000
- Menningarhús Grófinni	277.025	250.432	241.000	238.000
- Menningarhús Kringlunni	193.577	180.114	176.000	181.000
- Menningarhús Sólheimum	108.955	105.647	106.000	106.000
- Menningarhús Gerðubergi	143.173	132.482	134.000	136.000
- Menningarhús Spönginni	133.692	127.019	129.000	136.000
- Menningarhús Árbæ	112.984	107.115	102.000	100.000
- Bókabíll	16.396	13.228	12.000	13.000
- Norðlingaholtsskóli	-	-	-	10.000
Bókin heim (fjöldi notenda)	57	63	51	55
Útlán á íbúa	8,3	7,6	7,4	7,4

Lykiltölur - Menningarmiðstöðin Gerðuberg **	Rauntölur 2012	Rauntölur 2013	Útkomu- spá 2014	Markmið* 2015
Gestafjöldi	108.514	106.292	100.000	
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	4.394	3.404	3.000	
Fjöldi viðburða	82	71	78	
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	1	1	0	
Samstarfsaðilar	39	36	33	

*Markmið fyrir sameinaðar stofnanir, Gerðuberg og Borgarbókasafn

** Menningarmiðstöðin Gerðuberg sameinast Borgarbókasafni 2015



**REYKJAVÍK
BÓKMENNTABORG
UNESCO**



bokmenntaborgin.is

Reykjavík er Bókmenntaborg UNESCO síðan 2011.
Við eigum auðugt bókmenntalíf og löngu sögu.

Njóttu þess með okkur á bókmenntaborgin.is.
Þar getur þú skoðað bókmenntagöngur, viðburða-
dagatal og fleira um bókmenntalíf í borginni.

ordid er frjálst



**Reykjavík
Bókmenntaborg
UNESCO**



VIKIN
MARITIME MUSEUM

490

RE 38

DILLBERG
AGY-LAKK



BORGARSÖGUSAFN
REYKJAVÍKUR



Hlutverk

Samkvæmt samþykktum Borgarsögusafns Reykjavíkur sem samþykktar voru þann 13. maí 2014 skal safnið stuðla að varðveislu menningarminja í Reykjavík með þeim hætti að borgarbúar og gestir þeirra hafi sem bestan aðgang að menningararfi borgarinnar. Sýningar safnsins eru í Árbæjarsafni, Landnámssýningunni í Aðalstræti, Ljósmyndasafni Reykjavíkur, Sjóminjasafni Reykjavíkur og Viðey.

Leiðarljós

Á haustmánuðum 2014 hófst vinna við stefnumótun hins nýja safns sem unnin er af öllum starfsmönnum safnsins. Gert er ráð fyrir því að þeirri vinnu ljúki um miðjan nóvember 2014 og þá liggi fyrir leiðarljós safnsins.

Meginmarkmið

Á haustmánuðum 2014 hófst vinna við stefnumótun hins nýja safns sem unnin er af öllum starfsmönnum safnsins. Gert er ráð fyrir því að þeirri vinnu ljúki um miðjan nóvember 2014 og þá liggi fyrir meginmarkmið í starfi safnsins.

Fjármál 2015

FRUMVARP 2015 (í þús. kr.)

Tekjur

Rekstrartekjur 129.819

Gjöld

Laun og launatengd gjöld 221.083

Innri leiga 121.506

Annar rekstrarkostnaður 170.805

Rekstrarniðurstaða

383.575

Starfsmannafjöldi 2015

Heildarfjöldi starfsmanna 55

Fjöldi stöðugilda 31,6



HELSTU VERKEFNI 2015

Borgarsögusafn Reykjavíkur sinnir rannsóknum á menningarsögulegum minjum í borginni og miðlun þekkingar um þær. Ein megináhersla í starfi safnsins er á verkefni er lúta að innra starfi; varðveislu, skráningu og rannsóknum, en jafnframt stendur safnið fyrir fjölbreyttri miðlun sem felur m.a. í sér safnfræðslu og sýningar. Unnið verður samkvæmt nýrri sýningar- og fræðslustefnu sem tekur mið af menningar- og ferðamálastefnur Reykjavíkurborgar og stefnumótunarvinnu starfsmanna. Markmið hins nýja safns er að skapa fjölbreytta og spennandi dagskrá fyrir börn og fjölskyldur, jafnt innlendir sem erlendir, á öllum starfsstöðvum safnsins og eiga í lifandi samtali við samtímann í borginni.

Sameining

Þann 1. júní 2014 var Borgarsögusafn Reykjavíkur stofnað. Þá voru formlega sameinuð í eitt safn eftirtalin söfn og sýningarstaðir: Árbæjarsafn, Landnámssýning í Aðalstræti, Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Sjóminjasafn Reykjavíkur og Viðey. Unnið var að stefnumótun fyrir hið nýja safn á haustmánuðum 2014.

Árið 2015 er fyrsta heila starfsár Borgarsögusafns Reykjavíkur. Á þessu fyrsta starfsári verður lögð rík áhersla á framhald sameiningarvinnunnar, með því að samstillta starfsemina og skerpa á verkferlum.

Minjavarsla og rannsóknir

Nýtt varðveisluhús verður tekið í notkun á Árbæjarsafni og þá loks verður stór hluti safngripa varðveittur við skilyrði sem uppfylla alþjóðlegar kröfur um varðveislu safngripa. Strangt utanumhald og skipulag fylgir flutningum safngripanna, allir munirnir verða hreinsaðir samkvæmt viðmiðum á sviði forvörslu, þeir skráðir og ljósmyndaðir áður en þeir fara í nýja varðveisluhúsið. Allir munirnir verða strikamerktir og staðsetning þeirra skráð, þannig að öryggi þeirra verði betur gætt og auðveldara að fá yfirsýn yfir safnkostinn. Í kjölfarið verður gerð áætlun um uppbyggingu annarra varðveisluhúsa á safnsvæðinu, með það að markmiði að innan fárra ára verði allir safngripir Borgarsögusafnsins varðveittir samkvæmt alþjóðlegum kröfum um varðveislu safngripa. Unnið verður á árinu með niðurstöðum úr skýrslu Innri endurskoðunar um skráningu safngripa.

Með endurskipulagningu verkstæðis verður áhersla á betra rými til vinnu auk þess sem starfsmannaástaða verður endurnýjuð. Gerð verður ný áætlun um utanumhald á skráningu á viðhaldi stórra safngripa, svo sem húsa á safnsvæði Árbæjarsafns og skipa á Sjóminjasafni. Eins og fyrr verða rannsóknir, svo sem húsa-, byggða- og fornleifakannanir, gerðar vegna deiliskipulags og hverfisskipulags. Einnig verður verklag og stjórnsýslulegt hlutverk Borgarsögusafns og Minjastofnunar Íslands



gert skýrara skv. lögum um menningarminjar. Undirbúningur verður hafinn að yfirfærslu húsaskrár Borgarsögusafns yfir í Sarp 3.0.

Stefnt er að endurgerð innviða Ívarssels fari langt á árinu og að húsið verði tilbúið til sýninga 2017. Húsvendarstofa í Kjöthúsi á Árbæjarsafni verður starfrækt sem fyrr, í samstarfi við Minjastofnun Íslands og Iðunnar fræðaseturs, en þar er í boði ráðgjöf um viðgerðir og viðhald eldri húsa.

Skráning muna Árbæjarsafns og Sjóminjasafns í Sarp verður efla, ásamt því að setja inn ljósmyndir af mununum. Umpökkun ljósmynda, skönnun og skráning eru viðvarandi verkefni Ljósmyndasafns og gerð verður rannsókn á myndasafni Gunnars Rúnars Ólafssonar vegna undirbúnings á sýningu á völdum myndum úr safni hans. Einnig verður unnið að rannsókn á atvinnuháttum kvenna fyrr á tímum, með það að markmiði að beina ljósi að frumkvöðlastarfi þeirra sem hófst heima við og varð síðar hluti af hagkerfi þjóðarinnar. Borgarsögusafn tekur þátt í starfshópi um menningarmerkingar í Reykjavík og verður áhersla lögð á menningarmerkingar í tengslum við sögu kvenna.

Miðlun og fræðsla

Á starfsárinu mun Borgarsögusafn Reykjavíkur taka framboð í safnfræðslu til gagngerar endurskoðunar. Vegna sameiningar gefst tækifæri til að efla ýmsa þætti fræðslustarfsins til dæmis að auka vægi sköpunar og þátttöku í heimsóknum skólahópa. Skerpt verður á einkennum hvers sýningarstaðar/safns fyrir sig, sem mun móta fræðslustefnu safnsins jafnt fyrir skipulagðar heimsóknir sem og opna viðburði tileinkaða börnum og fjölskyldum.

Í ársbyrjun verður opnuð sýning Braga Þórs Jósefssonar í Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Í maí verða tvær sýningar opnaðar sem hluti af dagskrá í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna á Íslandi. Í Árbæjarsafni mun opna sýning um þá vinnu kvenna sem þær unnu auk annarra starfa á heimilinu og byggð er á rannsókn á atvinnuháttum kvenna fyrr á tímum en á

Sjóminjasafni Reykjavíkur mun opna sýning um sögu sjókvenna á Íslandi byggða á rannsóknum Dr. Margareth Wilson. Sumarsýning Ljósmyndasafns Reykjavíkur mun opna í maí og er það samsýning sem ber heitið Verksummerki. Persónleg heimildaljósmyndun. Á hausti komandi mun svo opna sýning úr safneign Ljósmyndasafnsins úr myndasafni Gunnars Rúnars Ólafssonar. Á Árbæjarsafni er gert ráð fyrir að opna minni sýningar í safnhúsunum Suðurgötu 7, Þingholtsstræti 9 og Háabæ í byrjun sumars og á það einnig við í Hornsflínu á Sjóminjasafni Reykjavíkur.

Viðburðir um helgar verða sem fyrr hluti af sumardagskrá í Árbæjarsafni, Viðey og á Sjóminjasafninu. Árvissir viðburðir tengdir Friðarsúlunni verða í Viðey auk dagskrár í tengslum við verk Serra í samvinnu við Listasafn Reykjavíkur. Borgarsögusafn Reykjavíkur mun taka þátt í gönguferðum um Kvosina og vera með viðburði á Safnanótt, Barnamenningarhátíð og Menningarnótt. Boðið verður upp á leiðsagnir fyrir ferðamenn á öllum sýningarstöðum safnsins allt árið og dagskrá jafnt sumar sem vetur fyrir börn og fjölskyldur.

Á árinu hefst vinna við nýja grunnsýningu á Sjóminjasafni og er það mikilvægur liður í því að byggja Sjóminjasafnið enn frekar upp og tryggja stöðu þess sem mikilvægs áfangastaðar í miðborg Reykjavíkur, bæði fyrir íbúa borgarinnar og alla gesti. Þá verður unnið að frekari þróun safnbúðarinnar á Sjóminjasafni.

Unnið er að því í samvinnu við Árnastofnun að koma upp sýningu á handritum sem tengjast landnámi Reykjavíkur í Landnámssýningunni. Á árinu eru ráðgerðar gagngerar endurbætur á vef safnsins í heild, samhliða áframhaldandi þróun einstakra undirsíðna, s.s. söluvefs fyrir ljósmyndir.

Rekstur og þjónusta

Unnið verður áfram að eflingu rekstrar og starfsemi Borgarsögusafns Reykjavíkur. Rík áhersla verður lögð á að mæta þörfum og væntingum borgarbúa og gesta með því að viðhalda, efla og bæta góða þjónustu.



Sýningar Borgarsögusafns Reykjavíkur 2015	
	Árbæjarsafn
Janúar - maí	Vinna kvenna – sýning í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna
Júní -ágúst	Á verkstæðinu – sýning í safnhúsinu Þingholtsstræti 9 Ekkja, kostgangari og stúdent – sýning í safnhúsinu Suðurgata 7 Grettisgata 28 árið 1950 – sýning í safnhúsinu Háabæ
September - desember	Bráðum koma blessuð jólin – jólasýning Árbæjarsafns á aðventu
	Landnámssýningin
Allt árið	Hliðarsalur - sýning á völdum handritum frá Árnastofnun sem tengjast sýningunni
	Ljósmyndasafn Reykjavíkur
Sýningarsalur 17.01-10.05	Bragi Þór Jósefsson
16.05-13.09	Verksummerki. Persónuleg heimildaljósmyndun
19.09 '15- 10.01 '16	Úr safnkosti – Gunnar Rúnar Ólafsson
Skotið 05.02. – 07.04	Sigríður Ella Frímannsdóttir: Fyrst og fremst ég
09.04. – 06.06	Laura Andrés Esteban: What I see / Gherkins and Art
04.06. – 11.08	Dominik Smialowski: The Pilots Melancholy
13.08. – 06.10	Í vinnslu
08.10. – 01.12	Óskar Kristinn Vignisson
03.12. – 21.01	Í vinnslu
Kubburinn 17.01. – 07.04	Þórdís Erla Ágústsdóttir: Heima hjá Íslendingum
09.04. – 23.06	Bára Kristinsdóttir: Vinnustaður í Hafnarfirði
25.06.– 13.09	Dagur Gunnarsson: Á förnum vegi
17.09– 10.01 '16	Kvikmyndabrot eða ítarefni með sýningu Gunnars Rúnar Ólafssonar
	Sjóminjasafn Reykjavíkur
Janúar - maí	Sjókonur/menn - sýning í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna.
Júní -ágúst	Sýning í Hornsli. Í vinnslu
September - desember	Sýning í Hornsli. Í vinnslu
	Viðey
Allt árið	Sýning í Skólahúsinu. Í vinnslu

Viðburðadagatal Borgarsögusafns Reykjavíkur 2015	
Janúar - maí	Dagskrá á Safnanótt Dagskrá á HönnunarMars Dagskrá á Barnamenningarhátíð
Júní - ágúst	Hátíð hafsins á Sjóminjasafninu Sumardagskrá Árbæjarsafns júní, júlí, ágúst Sumardagskrá Viðeyjar júní, júlí, ágúst Kvöldgöngur menningarstofnanna júní, júlí, ágúst Örnámskeið á Árbæjarsafni Ljósmyndanámskeið á Ljósmyndasafni Dagskrá á Menningarnótt á Sjóminjasafni og Landnámssýningu
September - desember	Tendrun Friðarsúlu í Viðey Dagskrá off-veneú á Iceland Airwaves Jól í heiðnum sið á Landnámssýningunni Jóladagskrá Árbæjarsafns fyrir skóla Bráðum koma blessuð jólin, jólasýning Árbæjarsafns á aðventu Jóladagskrá í Viðey Jólahandverksmarkaður í Sjóminjasafninu
<p>Allt árið: Móttaka hópa og leiðsagnir í Árbæjarsafni, á Landnámssýningu, í Sjóminjasafni, á Ljósmyndasafni og í Viðey. Listamannaspjall á Ljósmyndasafni. Húsverndarstofa – ráðgjöf um endurbætur á eldri húsum á miðvikudögum kl. 15-17 í Árbæjarsafni.</p>	

Lykiltölur - Borgarsögusafn	Rauntölur 2012	Rauntölur 2013	Útkomuspá 2014	Markmið* 2015
Gestafjöldi - heildartala				201.000
- Árbæjarsafn				35.000
- Landnámssýning				48.000
- Ljósmyndasafn				35.000
- Viðey				26.000
- Sjóminjasafn				57.000
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum heildartala				18.800
Fjöldi viðburða - heildartala				100
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna				15
Fjöldi heimsókna á vefsvæði				130.000
Fjöldi bygginga í umsjón/rekstri safnsins				51
Fjöldi útgáfuverka				3
Fjöldi afgreiddra mynda				3.000
Fjöldi skráðra fornleifa í Reykjavík				2.920
Fjöldi skráðra safngripa í Sarp				27.000
Fjöldi skráðra ljósmynda				1.200.000

Lykiltölur - Ljósmyndasafn Reykjavíkur *	Rauntölur 2012	Rauntölur 2013	Útkomu-spá 2014	Markmið* 2015
Gestafjöldi	29.592	35.247	43.000	
Skólanemendur í skipulögðum heimsóknum	701	803	2.000	
Fjöldi viðburða	21	24	22	
Fjöldi afgreiddra mynda	2.774	2.011	3.000	
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	10	16	12	
Fjöldi heimsókna á heimasíðu	18.827	31.520	33.000	
Fjöldi skráðra ljósmynda	874.000	881.000	1.150.000	

Lykiltölur - Minjasafn Reykjavíkur *	Rauntölur 2012	Rauntölur 2013	Útkomu-spá 2014	Markmið* 2015
Gestafjöldi	66.650	71.414	75.000	
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	13.098	11.979	12.000	
Fjöldi viðburða	46	48	48	
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	0	1	0	
Fjöldi bygginga í umsjón/rekstri safnsins	43	43	43	
Fjöldi útgáfuverka	1	5	4	
Fjöldi skráðra fornleifa í Reykjavík	2.476	2.675	2.800	
Fjöldi skráðra safngripa í Sarp	19.198	26.764	25.900	

Lykiltölur - Viðey *	Rauntölur 2012	Rauntölur 2013	Útkomu-spá 2014	Markmið* 2015
Gestafjöldi	22.295	22.302	26.000	
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	1.533	2.415	2.100	
Fjöldi viðburða	27	23	23	
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	2	2	2	

* Markmið 2015 eru hjá Borgarsögusafni

** Sjóminjasafn komið inn í markmið 2015







HÖFUÐBORGARSTOFA



Hlutverk

Höfuðborgarstofa ber ábyrgð á heildarkynningu Reykjavíkur á sviði ferðamála innanlands og utan. Stofan skal vinna stöðugt og markvisst að því að skilgreina sóknarfæri og styrkleika Reykjavíkur á sviði ferðamála, m.a. með samþættingu nýsköpunar og vöruþróunar, markaðssetningar og viðburða. Höfuðborgarstofa skal reka öfluga upplýsingamiðlun fyrir ferðamenn þar sem lögð er áhersla á faglega þjónustu sem tekur til landsins alls. Höfuðborgarstofa skal sjá um framkvæmd á skilgreindum borgarhátíðum og vera skýr farvegur fyrir undirbúning, framkvæmd og kynningu á viðburðadagatali borgarinnar auk þess að sinna samráði og ráðgjöf við skipuleggjendur viðburða. Höfuðborgarstofa skal hafa frumkvæði að því að skilgreina samstarfsfleti á milli stofnana Reykjavíkurborgar og aðila í ferðaþjónustu með það að markmiði að auka samstarf, upplýsingamiðlun og nýsköpun í ferðaþjónustu.

Leiðarljós

Leiðarljós Höfuðborgarstofu er að Reykjavík eflist sem höfuðborg Íslands í alþjóðlegri samkeppni á sviði ferðamála. Sérstaða hennar sem hreinnar og nútímalegrar menningarborgar í nábýli við einstæða náttúru verði þekkt og virt. Reykjavík verði eftirsóttur áfangastaður allt árið um kring og þannig verði rennt styrkari stoðum undir fjölbreytt atvinnulíf og menningarstarf í tengslum við ferðaþjónustu á Íslandi.

Meginmarkmið

- Styrkja stöðu Reykjavíkur sem höfuðborgar Íslands í alþjóðlegri samkeppni á sviði ferðamála.
- Gera Reykjavík að eftirsóttum áfangastað fyrir ferðamenn allt árið um kring og stuðla þannig að betri afkomu atvinnulífs og menningarstarfs í tengslum við ferðaþjónustu á Íslandi.
- Vinna að því að gestir Reykjavíkur fái framúrskarandi móttökur.
- Rækta hlutverk Reykjavíkur sem höfuðborgar gagnvart landinu öllu m.a. með traustri miðlun upplýsinga um Ísland til ferðamanna.
- Stuðla að aukinni fagmennsku og gæðum í upplýsingamiðlun til ferðamanna um Reykjavík og Ísland.
- Auka vægi viðburða og menningar í ferðamennsku í Reykjavík til hagsbóta fyrir íbúa, atvinnulíf og gesti höfuðborgarinnar.
- Virkja stofnanir og fyrirtæki borgarinnar til samstarfs um eflingu Reykjavíkur sem áfangastað

Fjármál 2015

FRUMVARP 2015 (í þús. kr.)

Tekjur

Rekstrartekjur 54.418

Gjöld

Laun og launatengd gjöld 84.165

Innri leiga 1.873

Annar rekstrarkostnaður 134.294

Rekstrarniðurstaða 165.914

Starfsmannafjöldi 2015

Heildarfjöldi starfsmanna 16

Fjöldi stöðugilda 11,9

Ferðamálastefna Reykjavíkurborgar

Árið 2011 var samþykkt ferðamálastefna Reykjavíkurborgar fram til ársins 2020. Í júlí 2014 kom fram tillaga í borgarráði þar sem því var beint til menningar- og ferðamálaráðs að hefja strax endurskoðun á ferðamálastefnunni. Ástæður þessa voru m.a. breyttar forsendur vegna hraðari fjölgunar ferðamanna en reiknað hafði verið með í forsendum stefnunnar. Í samræmi við samþykkt menningar- og ferðamálaráðs sem fylgdi í kjölfarið verður ráðist í endurskoðun og uppfærslu á aðgerðaáætlun stefnunnar m.a. með tilliti til þolmarka, framboðs og þróunar á þjónustu og uppbyggingaráforma. Breiður hópur hagsmunaaðila verður kallaður að vinnunni auk þess sem Höfuðborgarstofa mun stilla saman strengi við mótun heildstæðrar ferðamálastefnu ríkisins sem unnin verður á svipuðum tíma.

Vetrarborg

Höfuðáhersla er lögð á að kynna Reykjavík sem vetrar-áfangastað til að vinna á móti sveiflum á milli háannar og lágannar í komum ferðamanna. Áfram verður unnið í samstarfi við Iceland Naturally sem er átaksverkefni um að fjölga vetrarferðamönnum frá Norður Ameríku. Unnið verður að aukinni vörubrúun kringum aðventuna og fyrirtæki hvött til að bjóða upp á pakkaferðir á jólamarkaði, aukinn opnunartíma yfir jól, hátíðarmat á veitingastöðum o.s.frv. Til skoðunar er að fara í opna hugmyndaleit og styðja bestu viðskiptaáætlanirnar um þróun vetrarferðamennsku í Reykjavík.

Áhersla er áfram lögð á að kynna árlega viðburði sem fara fram utan háannar. Sameiginlegir fletir verða skoðaðir varðandi Vetrarborg og Heilsuborg með áherslu á sund og sundlaugar í samvinnu við ÍTR og aðra hagsmunaaðila. Kannaðir verða möguleikar á aukinni kynningu á skíðasvæðum. Haldið verður áfram að efla Vetrarhátíð í Reykjavík.

Menningarborg

Í könnun sem gerð var meðal erlendra ferðamanna sumarið 2013 kom fram að flestir nefndu menningu sem meginástæðu þess að þeir kæmu til Reykjavíkur. Þegar spurningin var yfirfærð á Ísland nefndu flestir náttúruna. Áhersla verður lögð á að draga fram menningarlega upplifun og afþreyingarkosti í borginni og kynna þá fyrir ferðamönnum. Öflug viðburðadeild Höfuðborgarstofu sér um skipulagningu og framkvæmd á stóru borgarhátíðunum og styður við aðrar hátíðir sem saman mynda þétt hátíðadagatal í borginni. Nýtt og betra viðburðadagatal á vefnum visitreykjavik.is mun auka sýnileika og vægi stakra viðburða. Aukið samstarf verður við söfn borgarinnar um að kynna viðburði og sýningar.

Heilsuborg

Í fyrrnefndri könnun voru yfir 90% svarenda mjög eða frekar sammála því að Reykjavík tengdist jarðvarma-laugum (e. thermal pools). Áhersla verður lögð á að kynna sundlaugar sem nauðsynlegan hluta af upplifun ferðamanna í Reykjavík. Unnið verður að því að kynna heilsutengda afþreyingarmöguleika og samgöngur s.s. hjóla- og gönguleiðir. Unnið verður með hugmynd þar sem ferðamaður getur sett sig í samband við almenningssþróttahóp s.s. hlaupa-, hjóla- eða gönguhóp meðan á dvöl stendur og slegist í för.

Ráðstefnuborg

Reykjavíkurborg er einn af stofnendum Meet in Reykjavík sem er leiðandi aðili í kynningu á Reykjavík sem ráðstefnuborg. Höfuðborgarstofa verður áfram í góðu samstarfi við Meet in Reykjavík.

Markaðs- og kynningarmál

REYKJAVÍK LOVES - nýtt slagorð og auðkenni fyrir Reykjavík og nágrannasveitarfélög var kynnt í september 2014 og haldið verður áfram af miklum krafti með innleiðingu þess. Nýja markaðsferð byggir á auknu samstarfi við nágrannasveitarfélög um sameiginlega markaðssetningu á höfuðborgarsvæðinu í heild. Unnið verður að markvissara samstarfi við kynningarfulltrúa nágrannasveitarfélaganna.

Vefmiðlar og viðburðadagatal

Ný og endurbætt heimasíða, visitreykjavik.is, var opnuð í september 2013. Unnið verður að því að styrkja sýnileika hennar á leitarvélum og fjölga heimsóknum frá skilgreindum markhópum. Unnið verður samkvæmt skilgreindri vefmiðlastefnu þar sem samfélagsmiðlar og heimasíða eru virkjuð saman. Stefnt er að því að nýtt viðburðadagatal fyrir vefi Reykjavíkurborgar verði sett upp á haustmánuðum 2014. Farið verður í kynningarátak fyrir viðburðadagatalið, bæði gagnvart aðilum sem standa fyrir viðburðum og gagnvart þeim sem nota dagatalið til upplýsinga.

Útgáfa og þemakort

Gefin verða út fréttabréf, bæði rafræn og í pappíriformi, og bæklingar fyrir Reykjavík sem sumaráfangastað annars vegar og vetraráfangastað hins vegar. Gefin verða út svokölluð þemakort sem merkja áhugaverða staði inn á kort út frá tilteknu þema, s.s. menningarkort og afþreyingarkort. Þá eru gefnir út bæklingar í tengslum við viðburði á borð við Barnamenningarhátíð og Aðventuhátíð. Gefinn er út bæklingur fyrir Gestakortið. Haldið verður áfram að þróa samstarf með Faxaflóahöfnum og Isavia um útgáfu kynningarefnis.

Sýningar og kaupstefnur

Nýtt markaðsefni verður kynnt á sýningum og ferða-kaupstefnum á borð við Mid Atlantic, Vest Norden, Hittumst og vinnustofur í Bandaríkjunum, Evrópu og Skandinavíu á vegum Íslandsstofu og Iceland Naturally.

Blaðamannaheimsóknir

Blaðamannaheimsóknir verða unnar í nánú samstarfi við Íslandsstofu, Iceland Naturally og almannatengsla-skrifstofur erlendis. Jafnframt tekur Höfuðborgarstofa á móti fjölda fyrirspurna frá erlendum blaðamönnum sem hafa samband að eigin frumkvæði varðandi samstarf. Eingöngu er farið út í vinnu með þeim blaðamönnum sem standast settar kröfur. Almennu verður miðað við að eingöngu sé farið í samstarf við blaðamenn frá löndum eða svæðum sem bjóða upp á beint flug til Íslands. Sérstakar blaðamannferðir verða skipulagðar í tengslum við helstu borgarhátíðir Reykjavíkur og með meiri áherslu á hátíðir yfir vetrartímann.

Tekjuöflun

Áfram verður unnið að því að fjölga auglýsingum á visitreykjavik.is meðfram vinnu við að bæta vefinn. Leitað verður eftir kostun í bæklinga og kynningarefni sem Höfuðborgarstofa gefur út. Skoðaðir verða möguleikar á tekjum í gegnum samstarfsverkefni með nágrannasveitarfélögum og fyrirtækjum. Stefnt er að aukningu á sölu á Gestakorti Reykjavíkur og að hægt verði að selja Gestakortið á visitreykjavik.is. Skoðaðir verða möguleikar á bókunarkerfi á visitreykjavik.is. Haldið verður áfram að styrkja stöðir hátíða borgarinnar með samstarfi við fyrirtæki með langtíma-samninga að leiðarljósi. Haldið verður áfram að leita leiða við tekjuöflun á Upplýsingamiðstöð ferðamanna í Reykjavík.

Gestakort Reykjavíkur

Það eru enn mikil sóknarfæri í Gestakorti Reykjavíkur eða Reykjavík City Card. Á síðasta ári var ákveðið að breyta enska nafni kortsins í Reykjavík City Card til að fylgja eftir öðrum borgum Evrópu sem sammælt hafa um að kalla Gestakortin sín City Card.

Salan jókst um 44% á fyrstu 6 mánuðum ársins 2014. Engu að síður er enn verulegt svigrúm til aukningar á sölu hjá núverandi söluaðilum ásamt því að bæta enn frekar í með fleiri sölustöðum á höfuðborgarsvæðinu og fá fleiri ferðabjónustufyrirtæki, innlend og erlend, til að bjóða viðskiptavinum sínum Gestakortið.

2014 kom ný vara fram í Gestakorti Reykjavíkur en það

er Barnagestakort. Til að mæta þörfum allra okkar gesta verður stefnt að því að bæta við þriðju vörðunni, Gestakorti fyrir eldri borgara.

Framundan er að auka sýnileika Gestakortsins með því að bjóða það til sölu á vef visitreykjavik. Einnig er ræf-væðing kortsins í ferli en stefnt er að því að færa kortið yfir í ræfræna útgáfu um leið og allir þættir þess hafa verið skoðaðir að fullu.

Upplýsingamiðstöð ferðamanna – UMFR

Upplýsingamiðstöðin Aðalstræti 2 er sú stærsta sinnar tegundar á landinu og má þar finna upplýsingar um gistingu, samgöngur, afþreyingu og menningu af öllu landinu.

Ekkert lát er á aukningu gesta í upplýsingamiðstöðina, fyrstu 8 mánuði ársins 2014 var meðalaukning milli ára 21% og allt sem bendir til þess að aukningin verði ekki minni yfir vetrarmánuðina og árið 2015. Veruleg aukning er einnig á milli ára í sölu varnings og þjónustu, um 22%.

Samningur við ITA rennur út í apríl 2015, auglýst verður eftir nýjum samstarfsaðila í opnu tilboðsferli. Gert er ráð fyrir að samið verði til 3-5 ára og að samningur verði með svipuðu sniði og verið hefur undanfarin ár þó með litlum breytingum er varða starfsmannamál og innri umgjörð. Um leið verður endurskoðaður opnunartími upplýsingamiðstöðvarinnar með það að leiðarljósi að lengja sunnudagsopnun á veturna og lengja opnun fram á kvöld á sumrin. Með lengri opnunartíma og fjölgun gesta er þörf á að fjölga starfsmönnum bæði yfir vetrar- og sumarmánuði.

Þekkingarheimsóknir

Höfuðborgarstofa tók aftur yfir verkefnið Þekkingarheimsóknir e. Study Visits á haustmánuðum 2014. Verkefnið flutti frá Höfuðborgarstofu yfir til Ráðstefnu-borgarinnar árið 2012 og hefur nú verið flutt yfir aftur. Heimsóknir á meðan Höfuðborgarstofa hélt utan um verkefnið voru flestar árið 2009 þá 58 talsins. 2012 og 2013 (alls 140 hópar) var mikil aukning heimsókna og árið 2014 mikil fækkun aftur sem má rekja til breytinga í Kína sem gerði hópum erfiðara fyrir að ferðast. Eitt-hvað virðst vera að slakna á þeim reglum því fyrirspurnir hafa aukist verulega og búast má við aukningu aftur árið 2015.

Hátíðir og viðburðir

Hátíðir eru eitt öflugasta aðdráttarafl borgarinnar um vetrartímann. Stóru borgarhátíðirnar; tendrun Friðar-



súlunnar, desember í Reykjavík, Vetrarhátíð og Barnamenningarhátíð eru allt mikilvægir þættir í þéttu viðburðadagatali sem nýtist ferðaþjónustunni sífellt betur. Áfram verður leitað verður leiða til að auka margvíslegt samstarf borgarhátíðanna við fyrirtækin í borginni. Aðrar hátíðir á borð við Iceland Airwaves, Food & Fun, Listahátíð í Reykjavík, HönnunarMars, RIFF og fleiri spila stóran þátt í kynningu á Reykjavík. Höfuðborgarstofa hefur lagt áherslu á nánara samstarf við hátíðir á höfuðborgarsvæðinu í kjölfar verkefnisins Reykjavík Festival City þar sem m.a. voru framleidd myndbönd og bæklingur til að kynna hátíðir borgarinnar. Stefnt er að því að standa fyrir málþingum og vinnustofum þar sem markmiðið verður að auka fagmennsku og efla samstarf milli hátíða.

Vetrarhátíð er haldin í febrúar. Meginþema hátíðarinnar er samspil myrkurs og ljóss og með tilvísun í norðurljósinn sem eru sterkt aðdráttarafi fyrir erlenda ferðamenn. Þetta er gert með uppsetningu ljóslistaverka víðsvegar í miðbænum og einnig munum við leitast við að fá fyrirtæki og stofnanir í lið með okkur til þess að lýsa upp Reykjavík á fallegan og listrænan hátt í svartasta skammdeginu. Í ár verður í fyrsta skipti boðið upp á Electric Run þar sem hlaupabrautin er mörkuð með allskyns ljósum og hlauparar bera neonljós. Safnanótt og Sundlauganótt verða áfram hornsteinar hátíðarinnar með fyrrgreindum ljósavinkli. Sóknarfæri eru mikil og er það markmið Höfuðborgarstofu að Vetrarhátíð verði jafn þekkt stærð í hátíðardagatali borgarinnar og Menningarnótt.

Barnamenningarhátíð er haldin dagana í kringum Sumardaginn fyrsta í samstarfi við skólasamfélagið, listamenn og menningarstofnanir. Hér er lögð áhersla á

þátttöku barna í viðburðunum og er Barnamenningarhátíð einn áhugaverðasti viðburður á Íslandi fyrir börn.


Menningarnótt hefur fest sig í sessi sem stærsta skipulagða hátíð ársins á Íslandi. Árið 2015 fagnar hún 20 ára afmæli og unnið verður með afmælið í dagskrá hátíðarinnar. Viðhorf Íslendinga til hátíðarinnar er mjög gott og stefnt er að því að viðhalda því eða gera betur. Á síðustu hátíð var viðburðum dreift um stærra svæði og lokunarsvæði var stækkað sem hafði það í för með sér að mannfjöldinn dreifðist betur. Einnig var áhersla lögð á að kynna vel lokanir og aðgengismál. Það virðist hafa stuðlað að aukinni ánægju hátíðargesta.

Tendrun Friðarsúlunnar í Viðey verður sem áður eitt af verkefnum Höfuðborgarstofu í október en Höfuðborgarstofa sér um framkvæmd viðburðarins í Viðey í samstarfi við Borgarsögusafn, Listasafn Reykjavíkur og skrifstofu sviðsins. Fyrir tendrun Friðarsúlunnar 2014 var Höfuðborgarstofu falin framkvæmd og stjórn verkefnisins.

Desember í Reykjavík hefur tekið á sig nýja mynd síðustu ár og standa viðburðir nú yfir alla aðventuna. Hátíðin hefst með tendrun ljósa Oslóartrésins fyrsta sunnudag í aðventu og lýkur á Þorláksmessu með skemmtilegum útitónleikum en þar á milli verður að finna fjölda smærri viðburða þar sem hugað er sérstaklega að gömlu jólnunum og sagnahefðinni. Stefnt er að því að vinna meira með áramót og þrettándann og lengja þannig hátíðina fram í janúar. Áður hefur hátíðin bæði verið kölluð Jóláhátíð og Aðventuhátíð en hér eftir verður notast við heitið Desember í Reykjavík bæði á íslensku og ensku. Tilgangurinn er að nota einfalt og skýrt heiti sem nær yfir mismunandi viðburði á þessum tíma.

Viðburðadagatal Höfuðborgarstofu 2015	
Febrúar	Vetrarhátíð (Safnanótt/Sundlauganótt/Ljósahlaup)
Apríl - maí	Barnamenningarhátíð
Ágúst	Menningarnótt
Október	Tendrun Friðarsúlunnar í Viðey
Desember	Desember í Reykjavík

Lykiltölur	Rauntölur 2012	Rauntölur 2013	Útkomuspá 2014	Markmið 2015
Gestafjöldi á Upplýsingamiðstöð	257.025	299.088	335.000	360.000
Hlutfall jákvæðra landsmanna gagnvart Menningarnótt	68%	73%	76%	76%
Fjöldi heimsóknna á vefsvæði www.menningarnott.is	40.700	57.948	65.935	70.000
Sala á gestakorti (fjöldi korta)	6.700	8.267	10.000	11.000
Fjöldi erlendra ferðamanna á Íslandi	672.000	807.349	900.000	980.000
Fjöldi heimsóknna á vefsvæði www.visitreykjavik.is	363.364	636.133	700.000	720.000





LISTASAFN REYKJAVÍKUR



LISTASAFN REYKJAVÍKUR REYKJAVIK ART MUSEUM

Safnið hefur þrjú hús til umráða: Kjarvalsstaði frá 1973, Ásmundarsafn frá 1983 og Hafnarhúsið frá árinu 2000.

Hlutverk

Samkvæmt samþykkt fyrir Listasafn Reykjavíkur er hlutverk stofnunarinnar að:

- Safna svo fullkomnu safni íslenskrar myndlistar sem unnt er, skrá það, varðveita og sýna.
- Rannsaka og sinna fræðslu um myndlist.
- Efna til kynningar á verkum og starfsemi safnsins.
- Hafa umsjón og eftirlit með myndverkum á almannafæri í eigu borgarinnar.
- Stuðla að því að borgarbúum og öðrum gestum safnsins sé gert kleift að fylgjast með því helsta sem er að gerast í myndlist.

Meginmarkmið

- Að val verka í safneign og til sýninga ráðist af listrænu gildi þeirra fyrst og fremst.
- Að sinna fræðslu, kynningu og útgáfu á þann hátt að nútímalist verði aðgengileg öllum.
- Að hlúa að rannsóknum og skráningu á listaverkum safnsins á þann hátt að safneignin geti þjónað menningarsögulegu hlutverki sínu til frambúðar.
- Að hafa gott eftirlit og umsjón með listaverkum á almannafæri í eigu borgarinnar svo þau haldi listrænu gildi sínu.
- Að sýna helstu stefnur og strauma í list samtímans og með því gera borgarbúum og öðrum gestum safnsins kleift að fylgjast með framsækinni íslenskri og alþjóðlegri myndlist.



Fjármál 2015

FRUMVARP 2015 (í þús. kr.)

Tekjur

Rekstrartekjur 92.247

Gjöld

Laun og launatengd gjöld 148.122

Innri leiga 131.988

Annar rekstrarkostnaður 163.173

Rekstrarniðurstaða 351.036

Starfsmannafjöldi 2015

Heildarfjöldi starfsmanna 36

Fjöldi stöðugilda 21,5

HELSTU VERKEFNI 2015

Sýningar

Stærsta sýning ársins er Nýmálað, sem er ætlað að gefa sneiðmynd af stöðu málaralistarinnar á Íslandi eins og hún horfir við okkur í dag. Sýningin er tvískipt og verður bæði í Hafnarhúsi og á Kjarvalsstöðum. Gert er ráð fyrir að verk 86 málara verði sýnd. Á síðustu árum hefur verið mikil gróska í málaralist víða um heim, eins og ljóst er af sýningum í leiðandi listasöfnum og útgáfu nýrra bóka erlendis. Nýjar áherslur og útvíkkun miðilsins hafa vakið eftirtekt en á sama tíma hefur athyglin beinst að fjölbreytninni í málverki samtímans. Listamenn á öllum aldri, sem aðhyllast ólíkar liststefnur og hugmyndafræði, leggja málverkið fyrir sig. Þetta er raunin hér á landi sem og annars staðar en þar sem engin úttekt hefur verið gerð á íslenskri málaralist samtímans er erfitt að fá heildarmynd af stöðunni. Sýningunni er ætlað að bæta úr þessu með sneiðmynd af því sem starfandi málara eru að fást við.

Þrjár sýningar ársins eru settar upp í tilefni 100 ára afmælis kosningaréttar kvenna á Íslandi. Sýningin Vatnsberinn-fjall+kona tekur fyrir stöðu verka- og vinnukvenna í byrjun síðustu aldar. Höggmynd Ásmundar Sveinssonar, Vatnsberinn, sýnir konu rogast með vatnsfötur en sú erfiða vinna að bera vatn í hús féll í hlut kvenna bæði í Reykjavík og í sveitum landsins. Sýning á verkum Júlíönu Sveinsdóttur og færeyska málara Ruth Smith beinir athyglinni að tveim konum sem sóttu sér listmenntun til Kaupmannahafnar snemma á tuttugustu öld og lögðu málaralist fyrir sig á tímum þegar konum var ekki ætlað að hafa atvinnu af listsköpun. Vefnaðarlist Júlíönu verður einnig gerð skil á annarri sýningu ásamt listvefnaði Ásgerðar Búadóttur. Auk þessara sýninga verður list kvenna sýnileg sem fyrr í einka- og samsýningum safnsins.

Safnið ræktar hlutverk sitt að kynna erlenda myndlist á Íslandi með sýningum á verkum Richard Serra og Cory Arcangel. Umhverfisverk Serra í Viðey verður í brenni-depli á sumarsýningu Hafnarhúss sem mun tengjast

sumarlangri viðburðadagskrá í Viðey. Serra á langan og glæstan feril að baki og vinnur með nokkuð hefðbundin efni skúlptúrlistarinnar, stál og stein, en Arcangel er af yngri kynslóð listamanna og nýtir sér stafræna tækni í verk sín. Hann var ekki nema 24 ára þegar hann vakti feikilega athygli á Whitney tvíæringnum 2004 og síðan hefur hann sýnt á mörgum helstu söfnum í Bandaríkjunum og Evrópu.

Nýmiðlun

Stafræn miðlun verður áfram snar þáttur í starfi Listasafns Reykjavíkur. Meðal annars verður ný heimasíða kynnt á árinu. Á heimasíðunni verður starfrækt netverslun þar sem má m.a. kaupa bækur sem safnið hefur gefið út, afsteypur af stytum Ásmundar og hönnunargripi. Þá mun öll sýningasaga safnsins frá 1973 til dagsins í dag og hátt í þúsund sýningaskrár verða aðgengilegar á heimasíðunni auk upplýsinga um alla þá starfssemi sem safnið stendur fyrir.

List í almenningsrými

Í samræmi við menningarstefnu Reykjavíkurborgar 2014-2020 verður áframhaldandi áhersla á verkefni sem ná út fyrir veggja safnsins. Hafin verður vinna við mótun stefnu um list í almenningsrými með áherslu á tilhögun nýrra verkefna í samráði við önnur svið Reykjavíkurborgar. Áhersla verður á menningarlega sérstöðu einstakra hverfa borgarinnar og aukna aðkomu listamanna að skipulagi og mótun mannvirkja á vegum borgarinnar, í samræmi við markmið í aðal-skipulagi Reykjavíkurborgar 2010-2030, ásamt áherslu á samþættingu lista við skipulag hverfa utan mið-borgarinnar.

Fræðsla

Unnið verður að þróun nýrra kennslugagna um list Errós, Kjarval og Ásmundar Sveinssonar. Ný fræðslu-sýning verður sett upp í Flakkaranum þar sem fjallað verður um ólíkar birtingarmyndir húmors í myndlist. Þá



verður leitast við að auka fjölbreytni viðburða fyrir yngri gesti safnsins í Hugmyndasmiðjunni á Kjarvalsstöðum og leitast við að bjóða upp á verkefni eða viðburði fyrir fjölskyldur um helgar í safninu sem tekur mið af öllum aldurstigum og kyni.

Börn og menningaruppeldi

Listasafn Reykjavíkur hefur síðastliðin 22 ár unnið fræðslustarf sem hefur það að markmiði að gera menningu og listir að mikilvægum þætti í uppeldi og kennslu barna og ungmenna í Reykjavík. Fræðslustarfið á safninu árið 2015 er unnið samkvæmt þeim aðgerðum sem fylgja markmiðum í menningarstefnu Reykjavíkurborgar 2014-2020.

Eitt af meginmarkmiðum fræðslustarfs safnsins er að vekja safngesti, stóra sem smáa, til umhugsunar um myndlist og hvetja til gagnrýnnar hugsunar. Gefin er út safnfræðslubæklingur tvisvar á ári til kynningar á

starfsemi safnsins fyrir hvert skólaár með áherslu á tengingar sýninga við námskrár og aðra möguleika í fræðslu. Þá fer fram skipulögð móttaka skólahópa á öllum skólastigum í öllum þremur húsum safnsins. Með því að bjóða kennara og nemendur sérstaklega velkomna stuðlar safnið að aukinni þekkingu á íslenskri og alþjóðlegri myndlist í íslensku skólakerfi.

Listasafn Reykjavíkur leitast við gera listaverkæign Reykjavíkurborgar aðgengilega öllum, en safneignin samanstendur af þremur sérsöfnum; Ásmundarsafni, Errósafni og Kjarvalssafni. Einnig eru haldnir fjölbreyttir viðburðir um helgar fyrir fjölskyldur og yngri safngesti þar sem markmiðið er koma til móts við áhugasvið gesta á ólíkum aldri.

Nýr safnstjóri mun taka við stjórn Listasafns Reykjavíkur á síðari hluta ársins en Hafþór Yngvason hefur þá stýrt safninu í 10 ár eða þann árafjölda sem heimilt er samkvæmt samþykktum safnsins..

Sýningar Listasafns Reykjavíkur 2015, Hafnarhús	
31. janúar - 12. apríl	Cory Arcangel: Margt smálegt. Þó Arcangel sé aðeins 35 ára gamall er hann talinn einn af frumkvöðlum stafrænnar tækni í samfímalist síðustu tíu ára. Á sýningunni verða 65 verk í margvíslegum miðlum. (Sýningarstjóri: Michael Bank Christoffersen)
6. febrúar - 19. apríl	Nýmálað 1. Málverk íslenskra samtímamálara á öllum aldri, sem aðhyllast ólíkar liststefnur og hugmyndafræði, verða sýnd á tveimur sýningum á Kjarvalsstöðum og í Hafnarhúsi. Markmiðið er að gefa sniðmynd af stöðunni í málalaglistinni eins og hún horfir við okkur í dag. (Sýningarstjórar: Hafþór Yngvason og Kristján Steingrímur Jónsson)
25. apríl - 10. maí	Útskriftarsýning Listaháskóla Íslands 2015. Útskriftarárgangur myndlistar- og hönnunar-deilda Listaháskóla Íslands sýna verk sín.
17. maí - 6. september	Áfangar – Richard Serra á Íslandi. Árið 2015 verður aldarfjórðungur liðinn síðan umhverfisverkið Áfangar var sett upp á Vesturey í Viðey. Höfundurinn Richard Serra er einn virtasti myndlistarmaður samtímans. Á sýningunni verða teikningar og graffísk verk sem Serra gerði í tengslum við verkið auk kvikmynda og ljósmynda frá uppsetningu þess. Sérstök áhersla verður á tenginguna út í Viðey með viðburðadagskrá í eyjunni. (Sýningarstjóri: Hafþór Yngvason)
21. maí - 18. okt.	Kathy Clark – Bears' Truths, Observations, and Divinations. Innsetning bandarískrar listakonu sem hefur verið búsett á Íslandi mörg undanfarin ár. (Sýningarstjóri: Yean Fee Quay)
21. maí - 18. okt.	Magnús Sigurðarson. Einkasýning Magnúsar Sigurðarsonar, en hann hefur verið búsettur í Bandaríkjunum um margra ára skeið (Sýningarstjóri: Markús Þór Andrésson)
Mars - 20. september	Kunstschlager. Listasafn Reykjavíkur hefur boðið Listamannarekna sýningarráminu Kunstschlager að vera með aðstöðu í Hafnarhúsinu frá vori, en Kunstschlager mun skipuleggja sýningar og viðburði í húsinu fram yfir sumar.
3. október - út árið	Leikur / barnið sem kennari. Á sýningunni verða tengsl myndlistar, vísinda og kennslufræði skoðuð í sögulegu samhengi og sérstaklega í tengslum við módernismann. Sýningin mun samanstanda bæði af listaverkum, vísindalegum tilraunum og heimildum í ýmsu formi. Markmiðið er ekki aðeins að draga athygli að mikilvægi menntunar heldur að skoða hugmyndir um endurbætur í menntun, sköpunargleði og leik. Meðal listamanna er listamaðurinn og uppfinningamaðurinn Michael Joaquin Grey. (Sýningarstjóri: Jaroslav Andel)
Lýkur 18. október	Listasaga Errós. Erró hefur haft mjög persónuleg og skapandi tengsl við listasöguna og hafa verk eftir listamenn líkt og Picasso og Leger birst aftur og aftur í verkum hans. Errósafnið á gott úrval verka til að vinna úr og sjálfur hefur Erró fundið klippimyndir að öllum listasögumálverkunum sem verða með á sýningunni.
31. október - október 2015	Tilurð Errós. Sýningin gerir grein fyrir þeim breytingum sem urðu á list Errós frá 1955 til 1964. Á þessum árum hvarf Erró smá saman frá expressionískri og fígúratífr myndlist og byrjar að tileinka sér myndgerð samklippimynda (collage), sem hann síðar hefst handa við að mála á léreftið. Þróunarferli hans liggur í gegnum fígúratífan expressionisma, teikninga-samklippur, hreinar samklippur og loks málaðar eftirmyndir af samklippum, en Erró virðist hafa verið fyrstur til að skapa „samklippumálverk“. Erró fór ekki til New York fyrr en 1964 og þá komu fram enn aðrar mikilvægar breytingar í list hans. (Sýningarstjóri: Danielle Kvaran)

Sýningar Listasafns Reykjavíkur 2015, Kjarvalsstaðir	
17. janúar - 15. mars	Einar Hákonarson: Púls Tímans. Á sýningunni gefst í fyrsta sinn tækifæri til að sjá langan feril Einars og átta sig á þeim breytingum sem listsköpun hans hefur tekið í tímana rás. List Einars hefur gengið í gegnum aðgreinanleg tímabil en hann hefur ávallt verið sjálfum sér trúur og iðulega farið ótroðnar slóðir. (Sýningarstjóri: Ingiberg Magnússon)
17. janúar - 15. mars	Ljóðrænt litaspjald: Úr safneign Kjarvals. Á sýningunni er listferli Jóhannesar S. Kjarval er gerð skil með lykilverkum úr safneign Listasafns Reykjavíkur.
28. mars - 7. júní	Nýmálað 2. Málverk íslenskra samtímamálara á öllum aldri, sem aðhyllast ólíkar liststefnur og hugmyndafræði, verða sýnd á þremur sýningum á Kjarvalsstöðum og í Hafnarhúsi. Markmiðið er að gefa sniðmynd af stöðunni í málaralistinni eins og hún horfir við okkur í dag. (Sýningarstjórar: Hafþór Yngvason og Kristján Steingrímur Jónsson)
19. júní - 20. sept.	To stærke (vinnutitill). Sýning á málverkum Júlíönu Sveinsdóttur og færeyska málarans Ruth Smith. Báðar ólust þær upp á litlum eyjum (Vestmannaeyjum og Suðuroy í Færeyjum) og fóru báðar til Kaupmannahafnar í nám þegar fáar konur lögðu myndlist fyrir sig, sérstaklega á vestnorræna svæðinu. (Sýningarstjóri: Hrafnhildur Schram)
19. júní - 20. sept.	Listvefnaður. Sýning á vefnaðarverkum Júlíönu Sveinsdóttur og Ásgerðar Búadóttur. (Sýningarstjóri: Harpa Björnsdóttir)
20. júní - 29. nóvember	Út á spássíuna – texti og pír í list Kjarvals. Lögð veður áhersla á sögur Kjarvals, texta hans og samhengi þeirra við málverk og teikningar. Hver var rithöfundurinn, skáldið og nýyrðasmiðurinn Kjarval? Efniviður sýningarinnar eru teikningar, skissur og krot á blöðum og sn-eplum, ýmsir textar, slitróttar setningar og einstök orð. (Sýningarstjóri: Æsa Sigurjónsdóttir)

Sýningar Listasafns Reykjavíkur 2015, Ásmundarsafn	
21. febrúar - 26. apríl	Vatnsberinn – fjall + kona. Höggmynd Ásmundar Vatnsberinn (1937) er leiðarstef sýningarinnar en á henni verða einnig til sýnis ný verk samtímalistamanna og sögulegar heimildir um vatnsberana í Reykjavík og í sveitum landsins. (Sýningarstjóri: Harpa Björnsdóttir)
9. maí - 4. október	Ásmundur Sveinsson – lykilverk. Sumarsýning þar sem ferli Ásmundar Sveinssonar er gerð skil með lykilverkum úr safneign Listasafns Reykjavíkur. (Sýningarstjóri: Yean Fee Quay)
17. október - út árið	Fljúgandi Framtíð (vinnutitill). Samsýning þar sem verk Ásmundar Sveinssonar verða sett í samhengi hugmynda vísindaskáldskapar, en þar birtast draumar móðernismans um framtíð sem oftast en ekki tengjast hinu miklu tækninýjungum sem urðu á 20. öldinni. Í mörgum verkum Ásmundar má finna þessa framtíðarsýn, en hann áleit að án nýrra verka, án nútímans, hætti fortíðin að vekja áhuga. Á sýningunni verða auk Ásmundar verk eftir samtímamenn hans og yngri listamenn. (Sýningarstjórar: Heiðar Kári Rannversson og Klara Þórhallsdóttir)

Lykiltölur	Rauntölur 2012	Rauntölur 2013	Útkomu- spá 2014	Markmið* 2015
Gestafjöldi - heildartala	171.138	203.053	210.000	215.000
- Hafnarhús	108.832	120.617	125.000	125.000
- Kjarvalsstaðir	49.381	65.363	60.000	65.000
- Ásmundarsafn	12.925	17.073	25.000	25.000
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	12.399	13.090	13.000	13.000
Fjöldi viðburða	106	119	130	110
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	8	8	6	4
Fjöldi heimsókna á vefsvæði	53.513	80.718	120.000	120.179
Útlán listaverka	622	598	551	550
Fjöldi útgáfuverka	12	14	14	16
Fjöldi skráðra listaverka í eigu safnsins	16.483	16.778	16.856	16.870
Fjöldi útlánverka í umsjón safnsins	138	157	184	185



Borg með hjarta

var yfirskrift Menningar- og ferðamálasviðs árið 2014. Í því fólst m.a. að setja mannréttindi í öndvegi og vinna að því að Reykjavík sé manneskjuleg og hlýleg borg – jafnt fyrir þá sem hér búa og hina sem sækja okkur heim. Fjölbreytt menningar- og listalíf spilar í þessu samhengi lykilhlutverk; að starfsemi menningarstofnana sviðsins hvetji til þátttöku og geri öllum borgarbúum kleift að nálgast upplýsingar, fræðslu og upplifun tengda menningararfi og sögu, sjón- og orðlistum, tónlist, fjölmenningu, barnamenningu og margvíslegum viðburðum. Í yfirskriftinni fólst einnig hvatning til þess að sýna dirfsku og þor til að fara nýjar leiðir og breyta út frá viðteknum venjum. Í borg með hjarta er tekið vel á móti gestum sem fjölga með hverju árinu. Þeim er fagnað, tryggt gott aðgengi að upplýsingum og eru hvattir til að nýta sér allt það fjölbreytta sem borgin hefur upp á að bjóða allt árið um kring.

Sameinað safn

Rekstur og starfsemi Víkurinnar – Sjóminjasafns Reykjavíkur var yfirtekinn og safnið gert að borgarsafni í ársbyrjun. Þann 1. júní tók svo til starfa nýtt sameinað safn, Borgarsögusafn Reykjavíkur. Undir því nafni sameinuðust Minjasafn Reykjavíkur með Árbæjarsafni og Landnámssýningunni í Aðalstræti, Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Sjóminjasafnið í Reykjavík og Viðey.

Menningarstefna Reykjavíkurborgar

undir yfirskriftinni „Menning er mannréttindi“ var samþykkt af borgarstjórn 20. maí. Það nýmæli fylgdi stefnumótuninni að henni fylgdi aðgerðaráætlun sem uppfærð verður árlega í samræmi við samþykktu stefnumörkun og fjárhagsáætlun borgarinnar, en stefnan sjálf gildir frá árinu 2014-2020. 118 aðgerðir til lengri eða skemmri tíma eru á þeirri áætlun. Stefnan nýtist við stefnumótun og ákvarðanatöku og hún á að gagnast öllum sem hlut eiga að menningarlífinu.

Í kjölfar samþykktu um aðgerðir menningarstefnu var áætlað sérstakt fé á árinu 2014. Af því var 1.5 m.kr. varið í útgáfustyrki fyrir sérstaklega myndríkar bækur tengdar sögu og menningu í Reykjavík, 1 m.kr. til Borgarbókasafns Reykjavíkur til að hefja þróunarvinnu við útlán rafbóka, 4 m.kr. í ný verkefni með áherslu á barnamenningu og listfræðslu barna og ungmenna, 1 m.kr. í menningarmerkingar í Reykjavík til að kynna listir, bókmenntir og sögu borgarinnar og 1 m.kr. til að hefja samstarf um nauðsynlegar rannsóknir á menningarstarfi í Reykjavík.

Önnur markmið sviðsins

sem sett voru og sjá má fremst í starfsáætlun 2014 náðust á árinu. Fundnar voru hagkvæmstu leiðir í rekstri um leið og leitast var við að uppfylla metnaðar-

full markmið stefnumörkunar í málaflokknum. Farið var í átak við að kynna starfsemi menningarstofnana Reykjavíkurborgar fyrir ferðaþjónustunni og átak var gert í kynningu og sölu bæði á Menningarkorti Reykjavíkur og Gestakorti Reykjavíkur. Hvoru tveggja skilaði góðum árangri. Enn eitt farsæla átaksverkefnið var sett af stað til að efla safnabúðir, auka úrval, veltu og framlegð. Nýtt slagorð – Reykjavík Loves – markaði tímamót bæði í áherslum og auknu samstarfi við nágranna-sveitarfélög um sameiginlega markaðssetningu á höfuðborgarsvæðinu í heild. Haldið var áfram að þróa nýtingu á margvíslegri rafrænni miðlun á stofnunum sviðsins til upplifunar, kynningar, fræðslu og markaðssetningar.

Styrkveitingar og framlög

Áherslur menningar- og ferðamálaráðs árið 2014 í styrkveitingum voru aukið aðgengi og þátttaka nýrra hópa í menningunni, börn og menningaruppeldi, samstarf eininga, stofnana, listgreina og listamanna, bókmenntaviðburðir eða verkefni til eflingar Reykjavíkur sem Bókmenntaborg UNESCO. Ráðgefandi fag-hópur um styrki skipaður fulltrúum Bandalags íslenskra listamanna (BÍL) hafði 175 umsóknir til umfjöllunar og alls var sótt um rúmar 268 milljónir króna. Niðurstöður menningar- og ferðamálaráðs um styrkveitingar byggðu alfarið á úthlutunartillögum faghópsins sem námu kr. 67.2 m.kr.

Fyrir styrkjaúthlutun 2014 í upphafi árs voru tíu borgarhátíðir þegar með samninga í gildi, en við bættust tónlistarhátíðirnar Sónar Reykjavík, Reykjavík Midsummer Music og Tectonics tónlistarhátíðin sem nú fengu fengið þriggja ára samning. Með því voru 43,5 m. orðnar bundnar í Borgahátíðasjóði með framlagi til 13 hátíða. Stærstu styrkir til eins árs voru vegna Kvikmyndahátíðar í Reykjavík 2014, 8 m.kr. og Kammersveit Reykjavíkur, Stórsveit Reykjavíkur og Caput hlutu 1,8 m.hver. Aðrir styrkir námu allt frá 100 til 1100 þúsund krónum.

Helstu breytingar á framlagi menningar- og ferðamálaráðs á árinu lituðust af af nýjum samningum til fleiri ára. Með gerð langtímasamninga er mun sterkari stoðum rennt undir faglegt starf í listalífi borgarinnar. Á árinu var Tjarnarbíó loks komið á verulegt skrið eftir endurbætur sem sköpunarmiðstöð með áherslu á sviðslistir. Auk húsnæðisframlagsins styrkir nú borgin rekstur Tjarnarbíós um 10 milljónir á ári með samningi til þriggja ára. Stærsti samningurinn er við Heimili kvikmyndanna til rekstrar Bíós Paradísar, en jafnframt eru langtímasamningar við Nýlistasafnið, og Kling og Bang, Samtök um danshús til rekstrar dansverkstæðis og Myndhöggvarafélagið í Reykjavík.

Það nýmæli samningsins við Leikfélag Reykjavíkur í Borgarleikhúsi að leikhúsið skuli leggja áherslu á að

sinna listuppeldi barna og ungmenna og vinna árlega fræðsluáætlun þar að lútandi gafst vel.

Tilgangur nýs samkomulags um Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhús ohf var að skjóta stoðum undir rekstur hennar með það að markmiði að reksturinn verði eins sjálfbær og kostur er. Samkvæmt því leggja Reykjavíkurborg og íslenska ríkið Hörpu til sérstök árleg framlög fyrir árið 2013 – 2016.

Listahátíð í Reykjavík nýtur hæsta framlags til hátíða með þríhliða samningi við ríki og borg er gildir til ársloka 2015.

Sviðslistamiðstöðin í Tjarnarbíói og Sjónlistamiðstöð á Korpúlfsstöðum njóta hæstu styrkjanna vegna innri leigu að undanskildu Borgarleikhúsi. Iðnó, SÍM Hafnarstrætis16, Myndhöggvarafélagið Nýlendugötu 13B og 15 og Grafíkfélagið í Hafnarhúsi njóta einnig niðurgreiddrar innri leigu fyrir starfsemi sína.

Erlent samstarf

Árangur alþjóðlegs samstarfs var sýnilegur með nýjungum í starfi, alþjóðlegum samstarfsverkefnum, sýningum, ráðstefnum og viðburðum.

Menningarmálanefndir höfuðborga Norðurlanda halda sameiginlega ráðstefnu annað hvort ár og var hún haldin í Kaupmannahöfn um mánaðarmótin júní/júlí 2014. Vegna kosninga til borgarstjórnar komst ráðið ekki á fundinn, en þess í stað fór nýtt ráð í fræðsluferð til Amsterdam og Rotterdam í nóvember.

Sviðið kom að undibúningi viðamikillar norrænnar ráðstefnu Arts & Audiences sem menntamálaráðuneytið stóð fyrir í Hörpu sem eitt af meginverkefnum þess á sviði menningarmála á formennskuári í norrænu samstarfi. Sjónum var beint að því hvernig ná má til nýrra áhorfendahópa og hvernig norrænar lista- og menningarstofnanir hafa tekist á við þá áskorun sem stafræna byltingin hefur í för með sér. Þær deildu reynslu sinni af því hvaða áskoranir, möguleikar og takmarkanir liggja í hinum stafræna heimi og hvaða áhrif þetta hefur á dagskrárgerð, miðlun og samskipti okkar við unndendur lista og menningar. Sviðið fékk svo fulltúa listahátíða í Edinborg af ráðstefnunni til þess að hafa sérstakan starfsdag í kjölfarið með helstu hátíðum í borginni og hélt Höfuðborgarstofa utan um þann þátt í samvinnu við fleiri.

Höfuðborgarstofa greiddi að vanda götu erlendra fjölmiðla, kynnti Reykjavík á erlendum mörkuðum og vann að markaðssetningu borgarinnar með samstarfsaðilum innan lands og utan, auk aðildar að alþjóðlegum samtökum ferðamála og viðburðahalds. Nokkuð var um náms- og kynnisferðir starfsmanna til útlanda og tekið á móti erlendum gestum í sama skyni.

Kynjuð fjárhagsáætlun

Skýrsla starfshóps um KFS 2014 sýndi að þátttaka í skipulögðum viðburðum á menningarstofnunum er umtalsvert minni meðal pilta en stúlkna og í viðhorfskönnunum voru piltarnir almennt neikvæðari en stúlkurnar. Í kjölfarið var skipaður starfshópur á sviðinu til að gera tillögur um úrbætur.

Borgarlistamaður Reykjavíkur 2014



Dagur B. Eggertsson borgarstjóri útnefndi Gunnar Þórðarson Borgarlistamann Reykjavíkur 2014 að tillögu menningar- og ferðamálaráðs. Einar Örn Benediktsson var formaður ráðsins síðasta kjörtímabil.

Tónlistarhópur Reykjavíkur 2014



Styrkhöfum 85 menningarverkefna var boðið í Tjarnarbíói ársbyrjun þar sem Einar Örn Benediktsson formaður útnefndi Nordic Affect Tónlistarhóp Reykjavíkur 2014, gladdist yfir gróskunni í menningarlífi borgarinnar og nýjungar í starfsemi Tjarnarbíós voru kynntar.

Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar 2014



Hjörtur Marteinson hlaut Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar 2014 fyrir ljóðahandritið Alzheimer-tilbrigðin. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri veitti viðurkenninguna í Höfða.

Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO

Margt var á döfni á þriðja starfsári Bókmenntaborgarinnar árið 2014. Í janúar boðaði Bókmenntaborgin til samráðsfundar með helstu samstarfsaðilum í orðlistargeiranum í Reykjavík og í framhaldi hans settu stjórn og verkefnastjórn fram fimm ára áætlun fyrir Bókmenntaborgina.

Stærstu verkefni ársins voru Lestrarhátíð í Bókmenntaborg í október og hinn nýi landsleikur í lestri, Allir lesa, sem Bókmenntaborgin og Miðstöð Íslenskra bókmennta standa fyrir. Lestrarhátíð var helguð smásögum og ritlist undir heitinu Tími fyrir sögu og var dagskrá hennar þétt og fjölbreytt. Boðið var upp á ritsmiðjur, Orðaævintýri fyrir börn, upplestra, sýningar og úrval smásagna í Nestisboxi Bókmenntaborgarinnar og bókinni Eins og Reykjavík, sem Þórarinn Eldjárn tók saman.

Lestrarhátíð lauk með evrópska smásagnaverkefninu Transgressions sem Bókmenntaborgin stóð að fyrir Íslands hönd. Þrjár íslenskar sögur voru skrifaðar af þessu tilefni, höfundar þeirra heimsóttu Wrocław í Póllandi og tveir pólskir höfundar komu til Reykjavíkur. Ljóðlistaverkefninu ORT lauk á árinu en Bókmenntaborgin var aðalsamstarfsaðili að því verkefni hér á landi. Þýskur gestaríthöfundur dvaldi í Reykjavík um sex



vikna skeið og Bókmenntaborgin tók einnig þátt í alþjóðlegum verkefnum utan landsteinanna með öðrum Bókmenntaborgum UNESCO. Að auki átti Bókmenntaborgin í samstarfi við systurborg Reykjavíkur, Seattle, en þar var Reykjavík Writing Jam haldið sem hluti af Íslandskynningunni Taste of Iceland.

Sleipnir fékk búið á árinu og kom fram í lífandi mynd í fyrsta sinn á Barnamenningarhátíð. Einnig var hafist handa við að útbúa fylgiefni með Sleipni fyrir leikskóla börn sem mun fylgja honum í heimsóknir í leikskóla borgarinnar. Póstkortaserían Words from Reykjavík leit dagsins ljós en hún hefur að geyma tilvitnanir í íslenska rithöfunda í hönnun Ragnars Helga Ólafssonar. Þessi minjagripur frá Bókmenntaborginni er seldur í safnbúðum Reykjavíkurborgar. Smáforritið Reykjavík Culture Walks hefur nú að geyma göngur á fjórum tungumálum, en tvær leiðsagnir á spænsku bættust við á árinu.

Borgarbókasafn Reykjavíkur 2014

Árið 2014 einkenndist af tækifærum og nýjum áskorunum fyrir starfsfólk Borgarbókasafns. Bryddað var upp á nýjungum, vefsetur endurnýjað, heilt safn flutt innan hverfis og lögð drög að viðbyggingum og nýbyggingum.

Sameining Borgarbókasafns og Menningar- miðstöðvarinnar Gerðubergs

Gerð var úttekt á tækifærum í samruna Borgarbókasafns Reykjavíkur og Menningarmiðstöðvarinnar Gerðubergs með það í huga að styrkja framtíðarhlutverk almenningsbókasafna sem menningarmiðjur í hverfum borgarinnar með aukinni áherslu á fjölbreytta viðburðadagskrá árið um kring. Starfsfólk tók virkan þátt í þessari vinnu og um áramót 2014-2015 voru þessar stofnanir sameinaðar undir einn hatt.



Nýtt safn í Grafarvogi

Á haustdögum flutti starfsstöð Borgarbókasafns í Grafarvogi sig um set. Safnið er nú staðsett í Spönginni 41 þar sem bæði er rýmra um það og aðgengi afar gott.

Tilraunaverkefni í Norðlingaholti

Í september opnaði lítið útibú Borgarbókasafns í Norðlingaholtsskóla. Safnið er tilraunaverkefni í samvinnu við Skólasafnamiðstöð og skólann. Rekið verður lítið sameiginlegt skóla- og almenningsbókasafn í húsnæði skólans og getur almenningur í hverfinu sótt þjónustu eftir skólatíma.

Vefsetur og nýmiðlun

Á árinu var unnið að því að færa heimasíðu/vefsetur Borgarbókasafns og Artóteks yfir í nýtt vefumsjónarkerfi, Drupal. Jafnframt voru síðurnar endurhannaðar til að mæta betur þörfum notenda og opnaði nýr vefur á haustdögum.

Starfsmenn

Starfsmenn voru áfram á faraldsfæti á árinu og skoðuðu bókasöfn og menningarmiðstöðvar í Hollandi og Danmörku. Farnar voru tvær skipulagðar ferðir í þessu skyni. Starfsmenn voru duglegir að sækja endurmenntun innanlands sem utan og fóru t.d. þrír starfsmenn á ráðstefnu IFLA í Lyon í ágúst og þó nokkrir sóttu landsfund Upplýsingar á Akureyri í byrjun október.

Fjölmenning

Menningarmót hafa verið vinsæl hjá Borgarbókasafni. Í stöðugt fleiri skólum eru menningarmótin orðin fastur liður í skólastarfinu. Á vegum Söguhrings kvenna var haldið leiklistarnámskeið, en verkefnið fékk veglegan styrk frá fyrirtækinu Kaffitár til þessa vegna listaverks sem Söguhringurinn gerði fyrir fyrirtækið og er nú

notað í öllu kynningarefni þess. Café Lingua óx og dafnaði á árinu og fór í nokkra útrás í anda starfsáætlunar þess árs. Haldnir voru viðburðir í nafni Café Lingua í Bíó Paradís, á Háskólatorgi og í Tjarnarbíói svo dæmi séu tekin. Hafið var formlegt samstarf við Skóla- og frístundasvið um Heilahristing, heimanámsaðstoð í bókasafninu.

Kynjuð fjárhagsáætlun

Reykjavíkurborg ákvað árið 2010 að taka upp kynjaða fjárhags- og starfsáætlun (KFS). Kortlögð var þátttaka drengja og stúlkna í skipulögðum viðburðum menningarstofnana Reykjavíkurborgar og skilaði teymi af sér skýrslu þar að lútandi síðsumars. Áfram verður unnið að kynjaðri fjárhagsáætlunargerð.

Börn og unglingar

Tvö ný verkefni, sem tengjast lestri, sköpun og ritfærni voru sett á koppinn þar sem óskað var eftir framlögum og þátttöku barna og unglunga. Annars vegar var það örmyndasamkeppnin Bókaræman og hins vegar örsögu-samkeppnin SMS (Sendu Mér Sögu). Gerð var tilraun með leshringi fyrir börn og Leikfangaskiptimarkað var komið á í samvinnu við Unicef.

Borgarsögusafn Reykjavíkur

Þann 28. nóvember 2013 samþykkti borgarráð þá tillögu menningar- og ferðamálaráðs að Reykjavíkurborg tæki yfir rekstur og starfsemi Víkurinnar- Sjóminjasafns Reykjavíkur ses. með eignum og skuldum sjálfseignastofnunarinnar og yrði safnið þar með að borgarsafni. Þá var sviðsstjóra Menningar- og ferðamálasviðs falið að leiða sameiningu á rekstri og þjónustu Minjasafns Reykjavíkur (Árbæjarsafn og Landnámssýningin í Aðalstræti), Ljósmyndasafns Reykjavíkur, Viðeyjar og Víkurinnar – Sjóminjasafns Reykjavíkur í samræmi við forsendur og markmið fyrirliggjandi samrunaáætlunar. Hið nýja safn tók til starfa 1. júní 2014 og var Guðbrandur Benediktsson ráðinn safnstjóri þess. Eft var til nafnasamkeppni fyrir nýja safnið í byrjun maí og bárust ótal tillögur. Dómnefnd fór yfir tillögurnar og var það samdóma álit að Borgarsögusafn væri rétta nafnið á safnið og var það tilkynnt að viðstöddu fjölmenni við Sjóminjasafnið á Grandagarði.

Borgarsögusafn Reykjavíkur hefur umsjón með menningarminjum í Reykjavík og ber ábyrgð á söfnun, skráningu, varðveislu, rannsóknunum og miðlun á afar fjölbreyttum safnkosti. Um er að ræða muni, hús, ljósmyndir og minjar tengdum sjómennsku o.fl. sem eru einkennandi fyrir menningararf borgarinnar og varpar ljósi á sögu hennar og menningu. Safnið ber jafnframt



ábyrgð á skráningu fornleifa, húsa og mannvirkja, rannsóknum og eftirliti og er ráðgjafi borgaryfirvalda um verndun menningarminja í Reykjavík og um önnur menningarsöguleg verkefni.

Í desember 2013 hófu starfsmenn undirbúning að sameiningu safnanna og unnu ötullega að þeim í hinum ýmsu vinnuhópum fram í apríl 2014. Niðurstöður þessara starfshópa voru síðan nýttar til að þróa nýtt skipurit fyrir hið nýja safn. Starfsmenn voru sammála um að safnið yrði að vera nútímalegt safn borgarbúa í tengslum við alla íbúa Reykjavíkur og myndi jafnframt bjóða upp á aðlaðandi menningartengda þjónustu sem ætti erindi jafnt við íbúa sem og gesti Reykjavíkur og styrkti ímynd borgarinnar.

Helsta verkefni Borgarsögusafns Reykjavíkur eftir stofnun þess var að vinna að stefnumótun fyrir hið nýja safn og tóku allir starfsmenn safnsins virkan þátt í því

ferli. Þá voru nokkrar tilfæringar er starfsmenn fluttu sig á milli starfstöðva. Útbúin var ný skrifstofuaðstaða á jarðhæð Sjóminjasafnsins þar sem starfsfólk miðlunar og fræðslu kom sér fyrir á einum stað.

Starfsemi þeirra safna og eininga sem runnu saman í Borgarsögusafn var fjölbreytt á árinu. Ný grunnsýning var opnuð í Árbæjarsafni og fékk nafnið Neyzlan, sýning á myndun RAX var framlag Ljósmyndasafnsins til Listahátíðar í Reykjavík og um haustið var opnuð sýningin Girl Culture/Stelpumening á myndin eftir bandaríska ljósmyndarann Lauren Greenfield.

Efni var bætt við Landnámssýninguna í samvinnu við Alþingi þar sem upplýsingum úr uppgreftri á alþingisreit er nú miðlað.

Unnið var að gerð sölukerfis fyrir myndavef Ljósmyndasafns Reykjavíkur, en kerfið mun gera fólki kleift að kaupa myndir beint af vefnum, milliliðalaust.

Þá var unnið að undirbúningi þess að sett verði upp sérstök sýning í tengslum við Landnámssýninguna þar sem valin handrit frá Árnastofnun verða höfð til sýnis.

Ýmsar umbætur áttu sér stað í Viðey, s.s. undirbúningur að byggingu nýs móttökuhúss á Skarfabakka, endurnýjun stíga og bætt aðgengi auk þess sem fjölmargir viðburðir löðuðu til sín borgarbúa og erlenda gesti.

Sjá nánar í kafla um einstakar stofnanir.

Höfuðborgarstofa

Ferða- og markaðsmál

Áherslur í ferða- og markaðsmálum 2014 tóku mið af ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar 2011 – 2020, en grunnstoðir hennar byggja á markaðssetningu borgarinnar á fjórum sviðum: Vetrar-, Menningar-, Heilsu- og Ráðstefnuborginni. Á miðju ári 2014 kom fram tillaga í borgarráði um endurskoðun á ferðamálastefnunni til að bregðast við breyttum forsendum vegna hraðari fjölgunar ferðamanna og samþykkti menningar- og ferðamálaráð að fela sviðinu að ráðast í endurskoðun og uppfærslu á aðgerðaáætlun stefnunnar.

Breytingar urðu á markaðs- og kynningardeild á árinu þegar nýr deildarstjóri og tveir sérfræðingar í innlendum og erlendum samskiptum voru ráðnir inn í stað tveggja verkefnastjóra sem fyrir voru.

Nýtt slagorð og auðkenni fyrir Reykjavík og nágrenna-sveitarfélög – Reykjavík Loves - var kynnt í september 2014. Nýja markaðsefnið byggir á auknu samstarfi við nágrennasveitarfélög um sameiginlega markaðssetningu á höfuðborgarsvæðinu í heild. Forstöðumaður Höfuðborgarstofu stýrði vinnunni sem var unnin í samstarfi við Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Afurðin var kynnt fyrir bæjarstjórum og menningar- og ferðamálaráðum sveitarfélaganna í yfirgripsmikilli fundarherferð undir stjórn forstöðumanns og deildarstjóra markaðs- og kynningardeildar Höfuðborgarstofu. Samstarf fulltrúa kynningarmála í sveitarfélögunum jókst til muna á árinu og stóð deildarstjóri markaðs- og kynningardeildar fyrir reglulegum fundum þeirra.

Gefnir voru út bæklingar um Gestakort Reykjavíkur, um Reykjavík sem áfangastað yfir vetrartímann og svo var bæklingur um árlegar hátíðir í Reykjavík endurútgefinn.



Allir bæklingarnir voru gefnir út með nýju útliti í samræmi við nýtt auðkenni – Reykjavík Loves.

Unnið var markvisst að því að byggja upp samfélagsmiðla Höfuðborgarstofu með tíðari færslum þar sem áhersla var lögð á að beina umferð inn á heimasíðuna visitreykjavik.is. Átak var gert í sölu auglýsinga á heimasíðuna.

Reykjavíkurborg var aðili að samstarfsverkefninu Ísland allt árið sem miðar að því að fjölga ferðamönnum utan háannar. Samningurinn gildir út árið 2014 en óvíst er með áframhaldandi aðkomu Reykjavíkurborgar.

Blaðamannaheimsóknir voru unnar í samstarfi við Íslandsstofu, Iceland Naturally og almannatengla-skrifstofur erlendis. Tekið var á móti fjölda fyrirspurna frá erlendum blaðamönnum varðandi samstarf. Sett voru viðmið um að vinna eingöngu með blaðamönnum sem standast settar kröfur og almennt miðað við svæði sem bjóða upp á beint flug til Íslands.

Verkefnastjóri Gestakorts Reykjavíkur var ráðinn inn um áramót og jókst sala Gestakortsins um 44% á fyrstu sex mánuðum ársins. Átak var gert í fjölgun á sölustöðum sem bjóða Gestakortið, bæði innlendum og erlendum. Vegna eftirspurnar var byrjað að bjóða upp á Barnagestakort.

Viðburðir

Viðburðadeild Höfuðborgarstofu sá um undirbúning og framkvæmd eftirfarandi hátíða og viðburða: Vetrarhátíð, Barnamenningarhátíð, Menningarnótt, tendrun Friðarsúlunnar og Desember í Reykjavík. Markaðs- og kynningardeild hafði umsjón með kynningarmálum. Höfuðborgarstofa veitti sjálfstæðum hátíðum stuðning s.s. Víkingahátíð í Hljómskálagarðinum o.fl.

Vetrarhátíð var haldin í ellefta sinn 6. – 15. febrúar með stuðningi Símans og Icelandair. Þetta var umfangsmesta Vetrarhátíð frá upphafi og tókst hún mjög vel.

Meginstöðir hátíðarinnar voru fimm talsins; ljósaganga þar sem 10 verk voru tendruð samtímis á opunarkvöldinu og lifðu til lokadags hátíðar, Safnanótt sem að venju var haldin á föstudagskvöldi, Heimsdagur barna í Gerðubergi á laugardegi og Sundlauganótt á laugardagskveldi. Einnig var viðburðurinn Denver Calling Reykjavík í boði sem var samstarf Höfuðborgarstofu og Visit Denver.

Barnamenningarhátíð var haldin í fjórða skipti 29. apríl – 4. maí. Aðsókn var mjög góð og voru taldir tæplega 40 þúsund þátttakendur. Rúmlega átta þúsund börn á aldrinum 0 – 16 ára komu fram á hátíðinni fyrir hönd skóla sinna, frístundamiðstöðva eða listaskóla, tóku þátt í skólasmiðjum eða voru áhorfendur á skólasýningum. Fjöldmörg börn í fylgd með fullorðnum sóttu einnig þá viðburði sem ekki voru skólamiðaðir.

Menningarnótt var haldin 23. ágúst með stuðningi frá Landsbankanum og Vodafone. Vel yfir 100 þúsund manns komu á Menningarnótt sem er metfjöldi og heppnaðist hátíðin mjög vel í góðu veðri. Svæði með götulokunum var stækkað frá því árið á undan sem stuðlaði að því að greiðlegar gekk að beina umferð úr bænum að hátíð lokinni en fyrri ár. Hátíðarsvæðið var einnig stækkað sem stuðlaði að betri dreifingu mannfjöldans. Í kynningu var lögð áhersla á aðgengi, öryggi og að fjölskyldan skemmti sér saman og færir saman

heim. Samkvæmt viðhorfskönnun Capacent hafa borgarþúar sjaldan verið jafn ánægðir með Menningarnótt og í ár.

Hin árlega tendrun Friðarsúlunnar á afmælisdegi John Lennon fór fram í áttunda skipti á 9. október. Yfir 2.100 manns voru við tendrunina í Viðey sem er metfjöldi og tókst athöfnin mjög vel í blíðskaparveðri. Höfuðborgarstofa tók þátt í undirbúningi og framkvæmd tendrunarinnar í samstarfi við Viðey og skrifstofu Menningar- og ferðamálasviðs.

Desember í Reykjavík er samheiti yfir alla þá viðburði og uppákomur sem Höfuðborgarstofa kemur að í tengslum við jólahátíðina í desember s.s. tendrun Oslóartrésins, kynningu á jólavættum o.fl. Verkefnið var unnið í góðu samstarfi við umhverfis- og skipulagssvið líkt og undanfarin ár.

Höfuðborgarstofa sá um skipulagningu á vinnustofu um samleið hátíða, hins opinbera og ferðapjónustunnar í október. Fyrirlesarar og stjórnendur vinnustofu voru forstöðumaður Festivals Edinburgh sem er samstarfsvettvangur 12 hátíða í Edinborg og framkvæmdastjóri the Festival Fringe Society. Vinnustofan var haldin í samstarfi við Íslandsstofu, Reykjavíkurborg og Menntamálaráðuneytið.

Upplýsingamiðstöð ferðamanna - UMFR

Upplýsingamiðstöðin er sú stærsta sinnar tegundar á landinu og veitir upplýsingar um gistingu, samgöngur, afþreyingu og menningu af öllu landinu. Fyrstu átta mánuði ársins var meðalaukning gesta milli ára 21% og allt sem bendir til þess að aukningin verði ekki minni yfir vetrarmánuðina en árið 2015. Veruleg aukning var einnig á milli ára í sölu varnings og þjónustu, um 22%.

Höfuðborgarstofa tók yfir verkefnið Þekkingarheimsóknir (e. Study Visits) á haustmánuðum. Verkefnið flutti frá Höfuðborgarstofu yfir til Ráðstefnuborgarinnar árið 2012 og hefur nú verið flutt yfir aftur.

Listasafn Reykjavíkur

Sýningar og samstarf

Sýningardagskrá ársins einkenndist af samvinnu við erlend söfn. Þar af voru tvö norræn samvinnuverkefni: Skiptisýningar á verkum Errós og Harro sem voru unnar með listasafninu í Turku, Finnlandi kynntu þessa mikilsverðu pop listamenn fyrir þjóðum hvors annars. Yfirlitsýning og bók um einn athyglisverðasta samtímalistamann, Svía Andreas Eriksson, sem var fulltrúi Svía á Feneyjatvíæringinum 2011, var unnin í samvinnu við Bonniers Kunsthalle í Stokkhólmi, Svíþjóð og listasafnið í Trondheim, Noregi en sýningin fór einnig til



Sviss. Bandarísk söfn komu að tveimur sýningarverkefnum. Bók og sýning á nýstárlegum málverkum Hildar Ásgeirsdóttur Jónsson var unnin í samvinnu við Tang listasafnið í Saratoga Springs, New York og sýning á innsetningu Katrínar Sigurðardóttur fyrir Feneyjatvíæringinn 2013 var unnin í samvinnu við Kynningar-

miðstöð íslenskrar myndlistar og SculptureCenter á Long Island í New York en þangað fór sýningin eftir að henni lauk í Reykjavík. Sýningin Synthesis var unnin í samvinnu við Museum für Gegenwartskunst Siegen í Þýskalandi og mun fara þangað eftir sýningarlok í Reykjavík. Og loks var sýning sem Listasafn Reykjavíkur vann í samstarfi við Þjóðarsafn Rússlands í St. Pétursborg sett upp á Kjarvalsstöðum.

Með þessum fjölbjóðlegu samvinnuverkefnum getur safnið sinnt því hlutverki sínu að kynna erlenda myndlist á Íslandi og um leið kynnt íslenska list erlendis. En stórar sýningar á íslenskri list settu einnig svip sinn á dagskrá ársins. Tvær stórar sumarsýningar kynntu sögu íslenskrar myndlistar með úrvalsverkum úr safneign Listasafns Reykjavíkur. Á Kjarvalsstöðum var áherslan á málverk frá árunum 1900 til 2000. Sýningin byggði á rannsóknarvinnu sem unnin var í tengslum við sýninguna Flæði sem var haldin á Kjarvalsstöðum veturinn 2013. Sumarsýning Hafnarhúss tók svo fyrir síðastliðna fjóra áratugi í íslenskri list en safnið á vandað úrval verka frá því tímabili.

Sumarsýningar á list Kjarvals og Ásmundar Sveinssonar samanstöð einnig af lykilverkum úr safneigninni, en yfir vetrarmánuðina var áhersla lögð á að draga fram nýjar hliðar á þessum gamalkunnu listamönnum með því að setja þá í tengsl við nýja straua í myndlist. Þannig var haustsýningu Andreas Eriksson á Kjarvalsstöðum ætlað að varpa nýju ljósi á list Kjarvals. Í Ásmundarsafni voru sýndir skúlptúrar samtímalistamanna sem byggja á formgerð húsa og þeir látnir kallast á við hús safnsins sjálfs sem Ásmundur hannaði og hugsaði sem einskonar höggmynd. Á annarri sýningu var abstraktverkum ungra íslenskra listamanna stillt upp með abstrakt málmskúlptúrum sem Ásmundur gerði á síðasta tímabili ferils síns. Aðrar leiðir voru farnar í Errósafni en aðal-sýning ársins var samsett af nýjum verkum sem hann hefur gefið safninu af alkunnri rausn sinni.

Tengsl tónlistar og myndlistar setti sterkan svip á vordagskrá Hafnarhúss en dagskráin hófst með Myrkum músíkdögum og lauk með Tectonics tónlistarhátíð Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Á tímabilinu voru hugmyndir um „sýnilega tónlist“ og „hljóðfræði myndlistarinnar“ skoðuð í bæði íslensku og alþjóðlegu samhengi.

Rannsóknir

Fyrir utan þær rannsóknir sem felast í undirbúningi sýninga var ráðist í tvö sjálfstæð fræðileg verkefni á árinu. Textaverk Kjarvals voru tekin til rannsókna en hann lét eftir sig fjölda teikninga með texta sem aldrei hefur verið gerð formleg úttekt á. Skoðað var samspil texta og myndar og myndræn einkenni letursins. Niðurstöðurnar voru birtar í fræðilegri grein og mögulega í sýningu árið 2015. Seinna verkefnið felst í úttekt á fræðilegu efni sem ritað hefur verið um Ásmund Sveinsson með það í huga að gefa út safnrit um list hans.

Nýmiðlun, kynning og markaðsmál

Ný tækifæri í rafrænni miðlun voru áfram í forgrunni hjá safninu. Á árinu var ráðist í áframhaldandi uppbyggingu á samfélagsmiðlum auk hönnunar nýrrar heimasíðu í tengslum við stefnumótun í kynningar- og markaðsmálum.

List í almenningsrými

Veggmyndaverkefnið í Efra-Breiðholti hélt áfram. Veggmyndir eftir Ragnar Kjartansson og Erró voru málaðar á gafla fjölbýlishúsa í Hólavhverfi (Krummahóla 2 og Álftahóla 4-6) og Sara Riel kláraði mynd sína fyrir Asparfells 12. Auk þess málaði hópur ungmenna í Breiðholti myndir í undirgöngum í hverfinu undir handleiðslu starfsmanna í Miðbergi og í samvinnu við Listasafn Reykjavíkur. Á næsta ári verður keramikmynd eftir Erró sett upp á íþróttahúsið Vesturbergi.

Tvær höggmyndir eftir Ásmund Sveinsson, Móðir mín í kví kví og Fýkur yfir hæðir, voru settar upp í Seljahverfi í Breiðholti og mynd hans Kraftur konunnar var sett upp á Hagatorgi en stytta Tónlistarmaðurinn eftir Ólöfu Pálsdóttur sem var þar áður var flutt á Hörputorg.

Sex höggmyndir voru settar upp í Hljómskálagarði til minningar um formæður íslenskrar höggmyndalistar. Myndirnar eru eftir Gunnfríði Jónsdóttur (1889 - 1968), Nínu Sæmundson (1892 - 1962), Tove Ólafsson (1909 - 1992), Þorbjörgu Pálsdóttur (1919 - 2009), Ólöfu Pálsdóttur (1920) og Gerði Helgadóttur (1928 - 1975). Með því að safna saman á einum stað verkum eftir þessar merku upphafskonur íslenskrar höggmyndalistar er ætlunin að vekja athygli á því frumkvöðlastarfi sem konur unnu á mótunarskeiði myndlistar hér á landi. Gjörningaklúbburinn (Eirún Sigurðardóttir, Jóní Jónsdóttir og Sigrún Hrólfsdóttir) var fenginn til að hanna merkingar fyrir höggmyndaþyrpinguna, gefa henni nafn (Perlufesti) og að búa til sérstaka vefsíðu um listakonurnar og verk þeirra.

Lágmynd úr brenndum leir sem Gestur Þorgrímsson og Sigrún Guðjónsdóttur (Rúna) gerðu fyrir Laugardalsstúkuna 1981 og var tekið niður þegar ný stúka varð byggð 2006 verður sett upp á Laugardalshöll. Loks var rúmlega fimm metra hár skúlptúr eftir Sigurð Guðmundsson settur upp í Vesturbugt en fyrirtækið CCP gaf borginni skúlptúrinn.



Ljósmyndasafn Reykjavíkur

Sýningar

Í ársbyrjun opnaði sýningin *Betur sjá augu...* Ljósmyndun íslenskra kvenna 1872-2013. Sýningin var samstarfsverkefni Þjóðminjasafn Íslands og Ljósmyndasafns Reykjavíkur, sett upp á báðum stöðum samtímis og myndaði þannig eina heild. Sýningin er afrakstur tveggja ára rannsóknarvinnu, sýningarhöfundur var Katrín Elvarsdóttir. Á dagskrá Listahátíðar í Reykjavík í maí opnaði yfirlitssýning á myndum Ragnars Axelssonar (Rax). Sú sýning sló öll aðsóknarmet safnsins frá því að reglulegt sýningarhald hófst árið 2000.

Ljósmyndahátíð og Minningarsjóður Magnúsar Ólafssonar

Í febrúar voru Ljósmyndadagar haldnir hér á landi í annað sinn, en þeir voru í samstarfi við Félag íslenskra samtímaljósmyndara og Þjóðminjasafn Íslands og voru á dagskrá Vetrarhátíðar. Í lok Ljósmyndadagana var útlutað úr Minningarsjóði Magnúsar Ólafssonar, og voru það Bára Kristinsdóttir og Valdimar Thorlacius sem hlutu verðlaun. Dómnefndin saman stóð af hópi erlendra og innlendra rýnenda Ljósmyndadaga.

Erlent samstarf

Í febrúar opnaði norræn ljósmyndasýning í Scandinavia House í New York: *Darkness and Light*, styrkt af Norræna menningarsjóðinum (Nordisk Kulturfond), sýningin stóð til aprílloka. Verkefnið var samstarfs-



verkefni Ljósmyndasafns Reykjavíkur, Museet for Fotokunst í Óðinsvéum, Finnish Museum of Photography í Helsinki, Moderna Museet í Stokkhólmi og Preus Fotomuseum í Horten í Noregi.

Fræðsla og námskeið

Safnfræðsla var með hefðbundnu sniði, svo og sumarnámskeið og fræðslugöngur voru vel sótt að vanda.

Skönnun, skráning og rannsóknir

Skannað var valið efni úr filmsafni Kristjóns Haraldssonar / Studio 28. Einnig var skannað og skráð valið efni úr safni Andrésar Kolbeinssonar, Ólafs Magnússonar og myndefni sem tengist landbúnaði í Reykjavík. Skráning var gerð á skönnuðu myndefni úr söfnum Ingibjargar Ólafsdóttur, Sigurðar Úlfarssonar og Soffiu Jónassen Claessen. Einnig voru skráðar ljósmyndaplötur úr safni Amatörvinnustofu G. Ásgeirssonar, aðallega myndefni sem tengist sjómennsku. Grunnskráning gerð á 17. júní myndum úr safni ÍTR. á blaðaljósmyndasöfnum í eigu safnsins.

Menningarmiðstöðin Gerðuberg

Í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi var boðið var upp á um 80 viðburði yfir árið, þar af 18 fyrir börn og 8 viðburði á vegum verkefnisins Menntun núna.

Sýningar

Sýningarhald ársins var að venju fjölbreytt. Þetta vilja börnin sjá! árleg sýning myndskreyta á barnabókaútgáfu liðins árs var sett upp í janúar og fór síðan á flakk um landið. Óradrög var yfirskrift sýningar Bjarna Ólafs Magnússonar á áhrifaríkum andlitsteikningum af goðsagnakenndum verum sem vöktu óskipta athygli gesta. Sem fyrr var átta ára börnum boðið upp á leiðsögn um sýningarnar og í heimsókn á bókasafnið.



Á vordögum var sett upp sýningin *Merkileg merki* þar sem frímerkjum og tilurð þeirra voru gerð skil með ýmsum hætti. Hluti sýningarinnar var helgaður verkum Þrastar Magnússonar sem um árabíl teiknaði og hannaði fjölmörg frímerki. Fjöldi skólabarna sótti sýninguna heim og fengu að skrifa bréf, frímerkja og stimpla eftir kúnstarinnar reglum og stinga í fagurrauðan póstkassa.

Á Barnamenningarhátíðinni kynntust börn og foreldrar leyndardómum frímerkjanna og spreyttu sig á að búa til eigið bréf eða póstkort.

Spænski listamaðurinn Cayetano Navarro fór með gesti í huglægt ferðalag á sýningu sinni Walking around Iceland X58 þar sem hann skoðaði með hvaða augum ferðamaðurinn; jafnt heimamenn sem gestir líta íslenska náttúru. Á sýningunni gaf að líta ljósmyndir, klippimyndir og myndbönd.

Katrín Matthíasdóttir myndlistarkona opnaði málverkasýningu undir yfirskriftinni Hvert liggur leiðin? á haustmánuðum. Þar gat að líta áhrifamikil portrettverk af ásjónum barna í viðsjárverðum heimi nútímans.

Endurbókun er yfirskrift samsýningar sem tíu listakonur standa að en þær mynda hópinn ARKIR. Þar mátti sjá fjölbreytt bókverk unnin úr gömlum bókum. Þær kynntu einnig gerð einfaldra bóklistaverka fyrir gestum á handverkskaffi í nóvember.

Einnig voru settar upp fimm minni sýningar í Boganum og kaffihúsi. Þar mátti sjá ljósmyndir, málverk og textíl.

Viðburðir

Heimsdagur barna á Vetrarhátíð var vel sóttur að vanda og fengu börn og fjölskyldur þeirra að spreyta sig á ýmsum viðfangsefnum. Þau bjuggu til fljúgandi ljósker, ljósalfabúninga, gluggastjörnur, hljóðfæri og margt fleira.

Einkar lífflegt var á miðvikudagskvöldum þar sem ýmislegt bar á góma tengt handverki, heimspeki, spíla-mennsku og bókmenntum. Þátttaka var góð og gestir

tóku virkan þátt í umræðum, lærðu á ný spil og kynntust fjölbreyttum handverksaðferðum, s.s. að höggva í stein, smíða kajaka, hekla íslensk blóm og búa til jólasnaps.

Klassík í hádeginu var á sínum stað og ný tónlistarröð, Jazz í hádeginu, skapaði skemmtilegt mótvægi við klassísku tónana.

Jón Kalman Stefánsson sat fyrir svörum á ritþingi og fjallað var um vestfjarðapríleik hans, bækurnar Himnaríki og helvíti, Harm englanna og Hjarta mannsins á bókmenntanámskeiði í umsjón Inga Björns Guðnasonar.

Innra starf

Efst á baugi voru verkefni sem tengjast sameiningu Gerðubergs og Borgarbókasafns. Eftir undirbúning og rýningu með starfsfólki stofnananna var ákveðið að ráðast í verkefnið. Jákvæðni og virk þátttaka starfsfólks hefur einkennt þá vinnu og mun vonandi setja tóninn fyrir áframhaldandi samstarf okkar allra við að gera Borgarbókasafnið að lifandi menningarmiðju í hverfum borgarinnar.

Verkefnastjórar Gerðubergs héldu til Brussel á vordögum ásamt samstarfsfólki á sviðinu til að kynna sér starfsemi menningarstofnana þar í borg og einnig fóru fulltrúar menningarmiðstöðvarinnar til Stokkhólms og Berlínar í sömu erindagjörðum og munu þessar ferðir eflaust skila sér í frjóum hugmyndum í viðburða- og sýningarhaldi næsta árs.

Minjasafn Reykjavíkur

Árbæjarsafn

Unnið var að endurbótum á safnhúsum í Árbæjarsafni og var megináhersla lögð á að halda áfram endurbyggingu Ívarssels. Að auki var unnið að almennu viðhaldi safnhúsa og lóðar safnsins. Framkvæmdir við ástandsmat og viðgerð eikarbátsins Aðalbjörg RE 5 hófust, með styrk frá Fornminjasjóði og Faxaflóahöfnum. Skýrsla um ástand bátsins og möguleika á viðgerð og nýtingu mun liggja fyrir í lok árs.

Miðlun

Nokkrar sérsýningar voru opnaðar í Árbæjarsafni í byrjun sumars. Stærstar voru sýningarnar Suðurgata 7 –ekki á leið og Neyzlan. Sú fyrrnefnda var opnuð í maí og var á dagskrá Listahátíðar í Reykjavík 2014 en sýningin Neyzlan –Saga Reykjavíkur á 20. öld var opnuð 5. júní í safnhúsinu Lækjargötu 4.



Fræðsla og viðburðir

Sem fyrr voru margvíslegir viðburðir á sumardagskrá í Árbæjarsafni og má þar nefna hefðbundna viðburði svo sem fornþiladag, heyannir og haustmarkað og líkt og undanfarin ár tók Minjasafnið þátt í gönguferðum um Kvosina, Safnanótt, Menningarnótt og Barnamenningarhátíð, með viðburðum í Árbæjarsafni og Landnáms-sýningu.

Varðveisla

Safnið hélt áfram samstarfi við Þjóðminjasafnið og önnur minjasöfn um þróun á Sarpi – menningarsögu- legum gagnagrunni. Minjasafnið tók þátt í átaki í skjala- vistun á Menningar- og ferðamálasviði og var nýr mála- lykill tekinn í notkun um mitt ár. Unnið var að hönnun og undirbúningi byggingar nýs varðveisluhúss í Ár- bæjarsafni.

Minjavarsla

Unnið var að gerð byggða- og húsakannana vegna hverfisSKIPULAGS í samstarfi við skipulagsfulltrúa og birt skýrsla um menningarminjar í borgarhluta 5- Háaleiti. Haldið var áfram skráningu menningarminja, en með nýjum ákvæðum um friðun húsa fjölgaði friðuðum húsum í Reykjavík umtalsvert. Húsaskrá var endur- skoðuðu á reitum þar sem unnið var að endurskoðun deiliskipulags. Þá var einnig gefin út mikil skýrsla um almenninggarða í Reykjavík.

Áfram var unnið að varðveislu menningarminja í borgarlandinu með skráningu, rannsóknum og miðlun með það að markmiði að auka aðgengi að upplýsingum um menningarminjar á vef safnsins og í Borgarvefsjá. Gefin var út skýrsla um mannvirki og fornleifar í Arnar- holti á Kjalarnesi.

Fornleifaskrá var flutt í nýjan Sarp og er hún nú að- gengileg á vefnum sarpur.is. Minjasafnið veitti ráðgjöf og sá um textagerð við menningamerkingar í Laugarnesi og Laugardal í samstarfi við hverfisráð Laugardals. Starfshópur um fornleifar í miðbæ Reykjavíkur, sem borgarminjavörður átti sæti í, skilaði greinargerð um framhald rannsókna og kynnti ráðuneyti og borgaryfir- völdum. Húsverndarstofa var starfrækt allt árið í sam- starfi við Minjastofnun Íslands og Íðunnar fræðsluseturs og þar er í boði ráðgjöf um viðhald og endurbætur eldri bygginga.

Viðey

Barnastarf

Börn eru sannkallaðir vorboðar í Viðey en í maí og júní komu í heimsókn stórir hópar bæði grunnskólabarna og útskriftarbarna úr leikskólum borgarinnar og nágretta- sveitafélaga. Þau fengu fræðslu um eyjuna og bauðst nestisaðstaða í Naustinu. Þau fengu til afnota háfa, bala og fötur til þess að leika í fjörunni við Naustið sem vakti mikla ánægju meðal barna og kennara. Yfir sumarið kom auk þess fjöldinn allur af krökkum á sumarnám- skeiðum í heimsókn til eyjarinnar.

Lögð er áhersla á viðburði fyrir börn en Barnadagurinn var stærsta hátíð Viðeyjar í ár og vel yfir 700 manns lögðu leið sína út í eyju til þess að taka þátt í vel heppnuðum Barnadegi. Elding stóð jafnframt fyrir skemmtilegri páskaeggjaleit í apríl sem vakti lukku nú sem fyrri ár. Sá viðburður hefur fest sig í sessi sem hluti af dagskrá fyrir börn í Viðey og aðsókn eykst með ári hverju.

Sumardagskrá

Sumardagskráin var metnaðarfull og eitthvað var um að vera í viku hverri. Þriðjudagsgöngurnar skipa þar stærstan sess og voru þær yfirleitt vel sóttar. Aflysa þurfti tveimur þriðjudagsgöngum vegna veðurs og greinilegt er að veður hefur mikil áhrif á aðsókn viðburða. Bryddað var upp á ýmsum nýjungum sem gáfust vel og verða endurteknar að ári liðnu. Grasaganga og jóraganga mæltust mjög vel fyrir sem og fræðsla um sögu húsanna í Viðey.



Gerð var tilraun til þess að bjóða upp á dagskrá á Sjómannadaginn en þátttaka var dræm. Bæði var veður vont og samkeppni við dagskrá Hátíðar hafsins í Reykja- vík var mikil. Ekki er vænlegt að vera með viðburði í Viðey á sama tíma og mikið framboð viðburða er að finna í miðbænum. Aðrir viðburðir heppnuðust afar vel. Kvannahlaup ÍSÍ var haldið í fimmta sinn í eyjunni og voru konurnar mjög ánægðar með hlaupaleiðina í fagurri náttúru eyjarinnar og hina afslöppuðu stemmingu í hlaupinu. Skátarnir héldu sitt árlega mót í eyjunni yfir eina helgi. Ástralskur telistamaður dró að sér fjölmarga gesti sem tóku þátt í sólarhringslangri teviðhöfn hans við Friðarsúluna. Félag hinsegin foreldra hélt Regnbogadaginn hátíðlegan í Viðey í ágúst og Sumarsólstöðuganga var fjölsótt og heppnast mjög vel.

Sérstakir viðburðir

Í samvinnu við Yoko Ono, félagið Ísland-Palestína og Unicef var haldin minningar- og friðarstund vegna barnanna sem féllu í árásum Ísraelsmanna á Gaza þetta ár. Meðlimir Graduale Nobile ásamt kórstjórnandanum

Jóni Stefánssyni, Sigríði Thorlacius og Guðmundi Óskari gáfu vinnu sína og ræður voru fluttar áður en Friðarsúlan var tendruð. Að lokinni tendrun var haldin ljóða- og tónlistarstund í Viðeyjarstofu þar sem listamenn af ýmsum þjóðernum komu fram.

Einnig var bryddað upp á þeirri nýjung að halda leiðsagnir á ensku fyrir erlenda gesti. Snorri Sigurðsson frá umhverfis- og skipulagssviði var með náttúruleiðsögn og Heiðar Kári Rannversson frá Listasafni Reykjavíkur var með listaverkagöngu.

Fjölmiðlaumfjöllun

Viðey var áberandi í fjölmiðlum þetta sumar. Lísa Pálsdóttir gerði tvo útvarpsþætti þar sem sr. Þórir Stephensen, Örlygur Hálfánarson, Þorsteinn Erlingsson og Oddur Helgason sögðu Lísu sitt af hverju um sögu eyjarinnar. Einnig fékk eyjan langa umfjöllun í þættinum Rölt um Reykjavík á ÍNN þar sem Ágústa Rós Árnadóttir verkefnastjóri sagði Randveru Þorlákssyni frá sögu eyjarinnar og starfsemi. Jafnframt var góð umfjöllun um viðburði í eyjunni bæði í dagblöðum og útvarpi. Slæmt aðgengi fatlaðra var gagnrýnt í fjölmiðlum og bent var á að í eyjunni væru haldnir fjölmargir áhugaverðir viðburðir sem hreyfihamlaðir gætu ekki sótt.

Framkvæmdir

Sótt var um styrk frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða til þess að gera móttöku- og dvalarsvæði á bak við Viðeyjarstofu. Styrkur að upphæð 5 milljónir króna fékkst til verksins og stefnt að því að hefja framkvæmdir síðla haustið 2014 svo fremi að unnt verði að tryggja heildarfjármögnun verksins.

Úrslit voru kynnt í framkvæmdakeppni um hönnun nýs ferjuhúss við Skarfabakka og biðskýli við bryggjuna í Viðey. Reykjavíkurborg efndi til keppinnar í samstarfi við Arkitektafélag Íslands. Hornsteinar arkitekta urðu hlutskarpastir. Áætlað er að framkvæmdum verði lokið áður en sumaráætlun 2015 hefst.

Sameining

Viðey var formlega sameinuð Ljósmyndasafni Reykjavíkur, Árbæjarsafni, Landnámssýningu og Sjóminjasafni Reykjavíkur þann 1. júní. Þessir fimm staðir mynda nú Borgarsögusafn Reykjavíkur.



ferdamal

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar

Ingólfsnausti
Vesturgötu 1
101 Reykjavík

Sími 590 15 20
menning@reykjavik.is
www.reykjavik.is/meningogferdamal